



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

ÞINGGERÐ 2019

49. Þing ÍBR

Laugardalshöll

Miðvikudagur 20. mars 2019

17:00 Setning þings og ávörp gesta.

Ingvar Sigurðsson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur tekur fyrstur til máls:

Formaður borgarráðs, kæru félagar í Íþróttahreyfingunni í Reykjavík, góðir gestir. Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll velkomin til 49. þings Íþróttabandalags Reykjavíkur. Í ár eru 75 ár síðan að bandalag íþróttafélaga var stofnað í Reykjavík og ég verð að segja að ég er ekki viss um að þegar það öflugra fólk sem fór fyrir íþróttafélögum í Reykjavík þegar ÍBR var stofnað hafi nokkurn tíma grunað að sá árangur og samfélagslegur hagnaður sem íþróttastarf hefur skilað íslensku samfélagi í dag væri sá sem hann er. Ef við setjum okkur í spor þessa fólks þá er það eins og að reyna að átta sig á því hvað verði uppi á teningnum árið 3000. En við lifum núna og það er gaman að sjá svo marga úr starfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík komna hingað til þessa þings. Hér liggja fyrir margar tillögur sem mikilvægt er að ræða, breytingar á lögum og mótun starfsáætlunar næstu tveggja ára. En við ætlum samt að halda uppá afmælið með ýmsum hætti. Við ætlum t.d. að opna minnisvarða um Melavöllinn sem í raun var grundvöllur alls íþróttastarfs í Reykjavík og mögulega landinu öllu. Við ætlum að halda uppá afmælið þann 29. ágúst og uppi eru hugmyndir um að auka framlag úr verkefnasjóði núna í ár og gefa þannig íþróttafélögum tækifæri á að sækja um styrki til eflingar íþróttastarfs.

Það þarf ekki að tíunda það aftur við þennan hóp hér hversu mikilvægt starf hreyfingarinnar er og hversu mikil samfélagsleg áhrif starf okkar hefur. Það eru bæði félagsleg og heilsufarsleg áhrif en ekki síður efnahagsleg. Ég sagði ykkur síðast þegar við hittumst hér fyrir tveimur árum að við hefðum trú á að vinna við úttekt vegna hagrænna áhrifa íþróttamyndi klárast bráðlega. Það er skemmst frá því að segja að vinnan er ekki hafin hvað þá að hún hafi klárast. Líklega ættum við í Reykjavík að hugsa þetta nánar og mögulega gera úttekt á hagrænum áhrifum íþróttar hér í borginni og kanna hug borgarinnar á því að koma með okkur í það verkefni. En það er afar mikilvægt að þessi vinna hefjist og klárast sem allra fyrst því við sjáum það að vinna sem þessi getur skilað miklum árangri. Við svona skýrslu verður meiri skilningur á starfinu og líklegra að hægt sé að ná í meiri fjármuni í starfið eins og raunin var með skapandi greinar og þá vinnu sem þar var unnin fyrir menntamálaráðuneytið á sínum tíma.

Við höfum átt gott samstarf við Reykjavíkurborg undanfarin tvö ár eins og áður og höfum komið mörgum málum áfram en það er samt alveg ljóst að sú vinna sem bæði við hjá bandalaginu og þið í félögum eruð að vinna og þær áætlanir sem þið hafið gert fyrir ykkar félög með borginni verða að fá skjótari afgreiðslu og komast fyrr á framkvæmdastig. Ég hef velt þessu fyrir mér og við verðum að finna leiðir til að ná meiri árangri í þessum málum. Við getum kannski stundum litið í eigin barm og velt því fyrir okkur hvort ekki sé rétt að við vinnum meira saman að því að móta stefnu og bakka hvert annað upp í þeim verkefnum sem hvert félag er að vinna. Ég geri ráð fyrir því að við munum ræða þessa hluti betur í nefndarstarfinu í kvöld.

En við höfum tækifæri til að taka á þessum þáttum í næsta þjónustusamningi við borgina og ég trúi því að með því að nálgast það á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, þá náum við árangri hraðar en samningurinn er laus um næstu áramót og vinna við nýjan samning er þegar hafin.

Og það er gaman að segja frá því að nú er hafin vinna með borginni við að móta íþróttastefnu og á þeirri vinnu að ljúka í janúar á næsta ári. Þannig að samhliða vinni við mótun stefnunnar munum við ganga frá nýjum þjónustusamningi. Ég sé þetta sem mikið tækifæri fyrir okkur, íþróttafélögin í Reykjavík að koma okkar málum á dagskrá, móta sýn og stefnu með borginni og kannski það sem mikilvægast er. Móta aðgerðaráætlun um framkvæmdir, uppbyggingu og innra starf sem unnið verði eftir.

Þær verða æ háværi raddir innan hreyfingarinnar að rekstur íþróttadeilda félaganna, sérstaklega boltadeildanna sé þungur. Ég ræddi þetta mál sérstaklega í ræðu hér fyrir tveimur árum og benti þar á þessar áhyggjur sem ég hafði heyrt frá ykkur sem eruð í forystu félaganna. Við töluðum á þeim tíma um að við myndum halda málþing um þetta mál og það gerðum við og fengum þar staðfest að þetta getur ekki gengið mikið lengur með þeim hætti sem það gerir núna. Við verðum að finna leið til að tryggja að rekstur þessara deilda standi undir sér og að allir geti keppt. Við verðum að hætta að gera ráð fyrir því að geta selt leikmenn í atvinnumennsku eða treyst á evrópusæti og þannig muni reikningarnir verða greiddir. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fókusa á að byggja upp félagslið okkar með öflugum félagsmönnum sem gjarnan eru aldir upp í félaginu eru tilbúnir að fórna öllu fyrir sitt félag, félagsmönnum sem eru líklegir til að taka við stjórnartaumunum og reka félagið áfram. Í dag er allof mikið um að keyptir eru rándýrir leikmenn sem hafa engar taugar til félagsins og munu aldrei leggja því lið eftir að þeir hafa verið seldir aftur... eða eins og við heyrum alltof oft.. látnir fara vegna þess að þeir stóðu ekki undir væntingum. Er þá ekki betra að hafa verið með uppallinn einstakling sem ekki stendur undir væntingum.. en heldur áfram að vinna fyrir félagið. Getum við miðað við tekjumódel afreksflokka í boltaíþróttum, haldið úti þessari atvinnumennsku. Ég bara spyr.

Nýr viðburðasamningur hefur verið samþykktur hjá borginni sem mun gera okkur kleift að reka betur þá viðburði sem ekki hafa verið að skila jákvæðum fjárhagslegum árangri. Það er þannig að þegar við byggjum upp viðburði eins og Reykjavíkumaraþon þá verðum við að gefa þeim tíma og leyfa þeim að þróast. Það tók 20-30 ár að fá meira en tíu þúsund þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni og það kostaði mikla peninga og fórnir sem sjálfboðaliðar lögðu á sig til að byrja með og sem betur fór kom Reykjavíkurborg að þeim viðburði snemma sem gerði það að verkum að hægt var að þróa hann og efla eins og þurfti. Ég vil þakka borginni fyrir það og fyrir þennan nýja samning sem mun skipta okkur verulega miklu máli við að þróa RIG, Norðuljósahlaup og Tour of Reykjavík í að verða fótfesta í Reykvísku íþróttastarfi. Reykjavíkumaraþon er orðinn stærsti viðburður sem haldin er í borginni og þessi viðburður er farinn að skila hreyfingunni verulegum fjármunum. Það er því til mikils að vinna að ná að byggja upp annan viðburð þó ekki væri nema hálfdrættlingur á við maraþonið til að setja enn frekari stoðir undir starfið okkar. Það voru 14.500 sem tóku þátt í hlaupinu á síðasta ári og það skilaði 10 milljónum í hagnað. Allt þetta skilar sér í tekjum og jákvæðri ímynd á hreyfingunni.

Alveg frá því að ég byrjaði að gegna hlutverki mínu sem formaður ÍBR hafa siðamál verið í umræðu hjá félögum í Reykjavík. Það var þannig áður en ég kom til starfa og hefur verið

þannig áfram. Við höfum reynt að leggja okkar af mörkum til að aðstoða félögin við að finna leiðir til að koma í veg fyrir að kynferðisbrot, einelti eða einhverskonar ofbeldi eigi sér stað á vettvangi íþróttastarfsins. Og eins og við öll þekkjum kom umræðan undir merkjum Mee Too mikið inn á okkar starf. Ég vil bara segja nokkra hluti um þetta. Í fyrsta lagi það að starf í íþróttafélögum, alveg eins og skólum eða fristundastarfi er kjörið umhverfi fyrir svona neikvæða, ógeðfellda hegðun vegna þess að það eru svo margir sem sækja starfseminu og njóta hennar. Því miður. En þetta ráðum við ekki við. Í starfinu hjá okkur eru þúsundir einstaklinga sem eru að sinna íþróttum sínum til að bæta heilsu sína eða auka færni og getu í íþrótt sinni, efla sig í félagsstarfi, hitta fólk og njóta þess að vera hluti af siðuðu samfélagi. Því miður koma upp neikvæðir þættir í þessu starfi og við þurfum að vera óhrædd við að ræða það og takast á við það. Í öðru lagi þá ætla ég að segja þetta. Það fyllir mig stolti að vera í forystu fyrir íþróttafélögin í Reykjavík því hver framkvæmdastjórinn á fætur öðrum, hver formaðurinn hefur talað um þessi mál við mig og okkur og viljað leita leiða til að koma í veg fyrir að ofbeldi geti átt sér stað, finna leiðir til að hjálpa þeim sem verða fyrir ofbeldi og tryggja að umræðan um að íþróttahreyfingin sætti sig ekki við kynferðisbrot, einelti eða nokkurskonar ofbeldi deyi aldrei. Við munum halda áfram að vinna saman að því að tryggja að þetta verði ekki liðið og ég lít á það sem hlutverk okkar hjá ÍBR og hjá borginni að hjálpa ykkur sem eruð að reka félögin til að vinna saman úr svona málum.

Annað mál sem er mikil áskorun fyrir okkur í íþróttahreyfingunni eru jafnréttismálin. En því miður hefur ekki enn tekist að tryggja nægilega jafnan hlut í stjórnun félaganna. Vandinn er samt frekar sérstakur hjá í þessu tilfelli því það er ekki um það að ræða að karlar reyni að halda konum úti, heldur miklu frekar sá að konur vilja ekki taka sæti í stjórnun félaganna sem eru í öllum tilfellum sjálfboðaliðastörf. Ég held að það sé ekki áhugaleysi um að kenna heldur miklu frekar þeirri staðreynd að jafnrétti er ekki orðið nægilegt í vinnu og á heimilum meðan að við í íþróttahreyfingunni höfum sýnt að við viljum fá fleiri konur í stjórnir og stýringu félaganna sem hefur því miður ekki tekist sem skildi. En við fáum samt gagnrýni vegna þessa sem virkilega erfitt er að bregðast við. En við megum ekki láta deigan síga. Við verðum að efla starfið okkar og við gerum það best með því að halda áfram að hvetja konur til að starfa með okkur í félögunum.

Við höfum í mörg ár rætt um inngöngu okkar í UMFÍ og nú liggur aftur fyrir þinginu tillaga um að gengið verði inn í landssambandið. Fram að síðasta þingi UMFÍ hafði átt sér stað mikil og fagleg vinna sem miðaði að því að taka inn íþróttabandalögin með því markmiði að efla sambandið og styrkja félögin sem í því eru í nærumhverfinu, sveitarfélögunum. Það er skemmst frá því að segja að vegna lagabreytinga sem þurfti að samþykka á þinginu fyrir inngöngunni þá var tillagan ekki tekin fyrir og því hefur ekki enn verið gengið frá málinu UMFÍ megin. Málið hefur verið rætt áfram og í haust verður tillagan lögð fyrir þing UMFÍ sem lokatilraun til að fá samþykka aðild bandalaganna að sambandinu. UMFÍ er landssamband og það eiga allir að geta verið í því.

Unnin var umfangsmikil og góð skýrsla um hreyfingu aldraðra fyrir nokkrum árum síðan og það var Ellert B. Schram sem fór fyrir þeirri vinnu. Reykvísku félögin hafa brugðist virkilega vel við þessari vinnu og nú eru hverfisfélögin að bjóða öldruðum uppá hreyfingu í mannvirkjum sínum. Félögin hafa gert þetta í góðu samstarfi við aðila í nærumhverfinu og mótað verkefnin þannig að allir geti notið og nýtt sér þetta. Stjórn ÍBR ákvað að hvetja félögin sérstaklega til að

fara í þessi verkefni og sækja um í verkefnasjóð til þess að koma þessum verkefnum af stað. Nokkur félög sóttu um styrki vegna slíkra verkefna í liðinni viku og vonandi koma fleiri síðar.

Stjórnin setti líka á laggirnar mannvirkjanefnd sem í sátu fulltrúar nokkurra félaga og stjórnar ÍBR. Nefndin hefur verið að störfum frá 2014 og unnið frábært starf í því að móta sýn um hvernig við getum sem best þjónustað borgarbúa með því að bjóða uppá íþróttastöðu í nærumhverfi barna og unglunga. Gerðar hafa verið úttektir á framboði í hverfum þar sem samanburður hefur verið gerður í hverju hverfi en einnig hafa verið skoðuð önnur sveitarfélög og gerður samanburður við það framboð sem þar er. Margir vinnufundir hafa verið og kannanir gerðar auk mikils efnis sem nefndin hefur aflað sér. Það er væntanleg skýrsla mjög fljótlega frá nefndinni og ég verð að segja að ég er virkilega ánægður með að þessi vinna hafi átt sér stað og sá skilningur sem er á milli félaga um mikilvægi þess að við byggjum upp öflugan aðstöðu um alla borg. Í þeirri skýrslu er ætlunin að koma upp forgangsröðun ÍBR á uppbyggingu mannvirkja sem hægt verði að hafa hliðsjón af.

Annað mál sem við höfum rætt mikið á undanförunum misserum er uppbygging þjóðarleikvanga. Kröfur til mannvirkja þar sem landsleikir fara fram eru að verða meiri og meiri með hverju árinu og kostnaður við bæði æfingar og landsleikjahald í knattspyrnu, handknattleik og körfubolta eykst í samræmi við þetta. Það hefur því miður verið þannig að kostnaðurinn hefur í alltof miklum mæli lagst á Reykjavíkurborg og bitnað á starfi félaganna í borginni. Við höfum margrætt það hér á þingum hjá okkur og á fundum okkar að þetta geti ekki gengið með þessum hætti mikið lengur. Því miður höfum við mætt litlum skilningi en ég vil þó segja ykkur það að skilningur er að verða hjá borginni. Núna er tillaga fyrir þinginu þar sem tekið er á þessu máli af krafti og hugur okkar sýndur í raun. Ég vona að þingið samþykki þessa tillögu sem stjórn ÍBR leggur fram og ef það gerist þá verður það til þess að ég sem formaður ÍBR hef samþykkt þingsins á bak við mig þegar ég tala um þessi mál og verð ekki úthrópaður sem andstæðingur íþróttar bara af því ég vil ekki byggja rándýrar byggingar sem verða lítið sem ekkert notaðar, allavega ekki af félögum í Reykjavík og allt á kostnað okkar Reykvíkinga. Reyndar vil ég það ekki sem Íslendingur en ég ætla ekki að taka að mér þá baráttu.

Ég vil að Laugardalshöllin eða ný höll sem Reykjavík byggir verði byggð með þarfir íþróttafélaganna í Reykjavík í huga um leið og við tryggjum að hún geti þjónustað landsliðið í handbolta og körfubolta en að æfingar og keppni þeirra liða verði með rekstrarstyrk frá ríkinu. Ef við horfum á Laugardalsvöll, þá gæti verið lausn að KSÍ eignist hann með styrk frá ríkinu og geti þá farið í nauðsynlegar endurbætur og stækkanir án þess að það hafi áhrif á framlög borgarinnar til félaganna.

Ég vil að við sem íþróttahreyfing í Reykjavík förum samhent inná íþróttarþing og krefjum hreyfinguna um að styðja okkur í þessari baráttu okkur og að við náum að vinna saman að því að byggja upp afreksíþróttir með stuðningi ríkisins en að það sé ekki allt gert á reikning sveitarfélaga sem á endanum er á kostnað íþróttafélaganna

En við höfum samt komið fram með tillögum að lausn í þessu máli, við hér íþróttafélögin í Reykjavík, samþykktum á síðasta þingi að setja fé í að skoða möguleikana á byggingu fjölnota íþróttahúss hér í Laugardalnum sem gæti verið yfirbyggður knattspyrnuvöllur sem hægt væri að breyta í handbolta eða körfuboltavöll en við höfum ekki eytt neinum fjármunum í þetta þó

að okkur hafi verið það heimilt því við teljum mikilvægt að búið verði að horfa á Laugardalinn sem heild áður en það fer í gang. Við sendum bréf til borgarinnar þess efnis að við myndum fara af stað í vinnuhópi þar sem dalurinn væri undir varðandi framtíðaruppbyggingu, framtíðarskipulag þar sem horft væri til umferðar og allra þarfa hreyfingarinnar um uppbyggingu mannvirkja fyrir landsliðsmál en um leið hvernig hægt væri að nýta þau mannvirki í þágu reykvískra íþrótta. Það er ekki mikið að fréttu af þessum málum því miður og við munum ýta á um að þessi mál fái úrlausn sem fyrst.

Ég þreystist ekki á að tala um mikilvægi þess að við tökum kynningarmálin fastari tökum og þá á ég ekki bara við okkur hér í Reykjavík heldur alla hreyfinguna. Þetta tengist auðvitað mjög sterkt umræðunni um hagræn áhrif. Við verðum samt að fara að gera eitthvað í þessum málum. Það er til svo mikils að vinna ef við eflum ímyndina og bætum umræðuna um okkur. En við getum ekki gert þetta ein hérna í Reykjavík. Við verðum að fá alla hreyfinguna með okkur.

Getraunir og Lottó hafa verið mikilvægir tekjupóstar fyrir hreyfinguna í áraradír. En við verðum að horfast í augu við að þessir hlutir eru að breytast hratt. Í dag erum við sem eigum þessi tvö fyrirtæki að horfa uppá það að erlendir aðilar, erlendar veðmálavefsíður eru komnar samkeppni við okkur. Nú ætla ég ekki að fara að tala um að ég sé á móti samkeppni (ég er ekki kominn í Sjálfstæðisflokkinn) alls ekki en við verðum samt að setja þessa hluti í samhengi. Í fyrsta lagi þá er það þannig að langflest lönd sem við berum okkur saman við loka aðgangi að þessum síðum eða fá greitt frá þeim fyrir að hafa opið fyrir veðmál í landinu og þá fara tekjurnar í ríkissjóð viðkomandi lands. Hér á Íslandi er þetta þannig að það eru ekki leyfð veðmál nema með leyfi Dómsmálaráðuneytisins og þar er líka ákveðið hvaða einstaka þætti veðja má á. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þetta sé ekki alslæmt þó að ég sé þeirrar skoðunar að hver og einn megi gera það sem hann vill svo lengi sem hann skaðar ekki aðra. Ástæðan fyrir því að þetta er ekki alslæmt snýr frekar að svindli, hagræðingu úrslita sem er með öllu ólíðandi. Íþróttakappleikir mega aldrei verða veðmálum að bráð, þá erum við sannarlega farin að tapa öllu sem við höfum byggt upp. Þess vegna óskaði forysta íslenskra getrauna eftir því að settur yrði í gang vinnuhópur sem kæmi með hugmyndir að lausnum í þessum málum og sá vinnuhópur hefur núna lokið störfum. Ég sat í þessum hópi fyrir hönd ÍBR og ég bind miklar vonir við að niðurstaða hans muni leiða til þess að tekið verði á þessum málum með því að tryggja jafnari samkeppni fyrir fyrirtækið okkar, Getraunir. En ég geri mér líka grein fyrir því að margir velta fyrir sér af hverju? Hvers vegna fáum við ekki bara þessi veðmálafyrirtæki til að sponsora okkur og allir mega vera með. Jú ég hef velt því fyrir mér hvort það sé ekki rétt. En staðan er þessi. Það eru 4.5 milljarðar að fara út úr íslensku hagkerfi í veðmál á erlendum veðmálasíðum. 4.5 milljarðar sem enginn borgar skatt af hagnaði hér enginn borgar virðisauka enginn hefur nokkra einustu samfélagslegu ábyrgð sem tekur þessa peninga. Ég segi bara. Nei takk. Þetta er eitthvað sem verður að stoppa eða að minnsta kosti gefa okkur kost á að keppa við. Ef við fengjum ¼ af þessu til okkar sem hreyfing, þá væri það þrefalt það sem ÍSí fær frá ríkinu í dag. Allavega.. vinnuhópurinn skilaði tillögum um daginn og við ætlum okkur að fara í öflugra kynningu hjá félögum á okkar starfsemi, hvað hún skilar miklu til ykkar og hversu mikilvæg hún er samfélaginu. Við ætlum líka að fara í að krefjast þess af ríkinu að við sitjum við sama borð helst með því að lokað verði fyrir aðgang erlendra vefsíðna á okkar markaði eins og gert er í mörgum löndum t.d. Ítalíu og Bandaríkjunum. Það er mikilvæg vinna framundan og við verðum að standa saman sem hreyfing, sem heild í þessu máli og ná tökum á þessum hlutum svo við getum fengið meira til okkar starfs.

Rekstur ÍBR hefur gengið virkilega vel undanfarin tvö ár. Og reyndar ef við horfum til baka þá enn lengra en það. Ástæðurnar eru að við erum alltaf vakandi fyrir því að við megum ekki tapa peningum á starfseminni og höfum reynt að byggja undir hana með öflugum viðburðum og skynsemi í rekstri. Við höfum unnið með ykkur í félögunum í því að breyta uppsetningu á ársreikningunum sem hefur skipt máli. Við höfum náð meiri árangri með nokkra af viðburðum okkar og vil ég þar fyrst og fremst þakka samlegðaráhrifum í starfinu og þekkingu sem hefur verið að byggjast upp. Við höfum greitt upp lánið vegna Skautahallarinnar og þess vegna eru meiri fjármunir inni á reikningi núna en við þurfum að eiga borð fyrir báru því það hefur sýnt sig að aðsókn almennings rokkar milli ára og erfitt að treysta á þann tekjupóst til að geta haldið áfram að þróa starfið og efla Skautahöllina á næstu misserum.

Íþróttafélagin þekkja mikilvægi þess að vera með öflugan hóp sjálfboðaliða í starfi sínu. Því miður hefur krafturinn í þessu starfi verið á undanhaldi á undanförunum árum og sjálfboðaliðum hefur fækkað í starfinu. Og um leið og meiri og meiri kröfur eru lagðar á félagin fækkar vinnandi höndum sem hefur lagst þungt á reksturinn og í sameiningu verðum við að skoða til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að sporna við og efla þátttökuna.

Eins og allir hér vita þá var það ÍBR sem með samningi við borginna byggði yfir Skautasvellið í Laugardal um síðustu aldamót. Á árinu kláraðist sá samningur með lokagreiðslu frá borginni og við greiddum samninginn upp. En á sama tíma gerðum við nýjan 5 ára samning við borgina um rekstur hallarinnar þar sem hefur byggst upp þekking á rekstri hallarinnar og möguleikum til að ná meiri og betri árangri. Og það er einmitt það sem við ætlum okkur að gera núna þegar búið er að greiða upp lánið. Ég verð að segja að ég er afar stoltur af ÍBR í þessu máli sem hefur frá upphafi sýnt mikla ábyrgð í rekstrinum en gert allt til að halda þjónustunni uppi. Næstu árin munu samt fara í það að laga til það sem er komið á aldur í höllinni og bæta hana því þessi höll sinnir ekki bara skautaiþróttinni heldur almenningsi í borginni og styður þannig mjög við lýðheilsusjónarmiðin. Samstarfið við borgina hefur verið gott öll þessi ár og það hefur sýnt sig hvernig við sem hreyfing getum komið inn og ýtt undir uppbyggingu af krafti með því að taka verkefni sem mikilvæg eru fyrir samfélagið yfir af borginni og koma þeim í höfn.

Ég hef nú starfað sem formaður ÍBR í 10 ár og það er eðlilegt að á þeim tímamótum velti maður fyrir sér hvort ekki sé rétt að láta staðar numið og gefa nýju fólki kost á að takast á við verkefni sem eru ærin. Ég hafði ákveðið þegar ég tók við þessu embætti að ég myndi gera allt til að ná sama styrk á sjóðina sem eru í eigu bandalagsins en að við ættum samt húsnæði sem væri mikils virði fyrir hreyfinguna í Reykjavík. Sú staða er við það að nást. Sjóðirnir hafa náð fyrri styrk, húsnæðið okkar er mun betra en það var en það þarf samt að fara í enn meira viðhald og það er gott að vita til þess að við getum staðið undir því. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til tveggja ára í viðbót og lofa ekkert um framhaldið í því, ef þið viljið halda mér hérna áfram þá er ég afar þakklátur fyrir það og mun reyna að gera mitt besta í að vinna fyrir ykkur og hreyfinguna eins og ég tel mig hafa gert.

En ég vil að lokum fá að þakka fyrir að hafa fengið að vinna með svona flottu fólki sem stýrir íþróttahreyfingunni í Reykjavík og hefur byggt upp þessi öflugum íþróttafélög sem eru að mínu mati grunnstoð í velferðinni hjá þessari þjóð en ég vil líka fá að þakka stjórninni minni fyrir samstarfið. Þetta er allt saman eðalfólk sem hefur lagt mikið af mörkum í starfinu og unnið óeigingjarnt starf. Kannski við bara klöppum fyrir þeim. En ég vil að lokum fá að þakka

starfsmönnum ÍBR fyrir þeirra mikla og kröftuga starf. Það er ekkert fyrirtæki sem gæti þrífist og eflst ef það hefði ekki gott starfsfólk. Það er svo sannarlega þannig hjá okkur í ÍBR.

En ég vil þakka fyrir mig og segi að ég hlakka til að vinna með ykkur áfram hér á þinginu og næstu tvö árin að því að gera íþróttir og íþróttafélög í Reykjavík enn betri.

Ég segi 49. þing ÍBR sett.

Nú, ég er ennþá með stjórn fundarins af því að við erum ekki búin að kjósa okkur þingforseta. Næst á dagskrá er ávarp gesta og fyrst er það formaður borgarráðs, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir: Komið þið sæl, kæra stjórn íþróttabandalagsins, þingfulltrúar og góðir gestir. Það er mér einstaklega ánægjulegt að vera með ykkur hér í dag við setningu á þessu afmælisþingi Íþróttabandalagsins á 75 ára aldursafmælinu. Og það er óhætt að segja að samband Reykjavíkurborgar og ÍBR hafi alltaf verið náíð og ef eitthvað er þá hefur sambandið aukist á undanförunum árum. Stofnun Íþróttabandalags Reykjavíkur fyrir 75 árum var ekki síst sprottin af þeirri þörf að íþróttafélögin í borginni hefðu einn samnefnara sem hefði milligöngu og annaðist samskipti við borgaryfirvöld fyrir þeirra hönd. Og það er alveg ljóst að ÍBR er enn mikilvægara í dag í samskiptum við borgaryfirvöld en var fyrir 75 árum. Og þetta þekkið þið náttúrulega en þetta þekkjum við kannski ekki endilega út um alla borg og bý en 76 aðildarfélög að þessu stóra bandalagi, með 41.000 virka félagsmenn er alveg gríðarlega mikilvægur þáttur í þessu lífi. Og mig langar að fá að hrósa ykkur öllum hér fyrir það frábæra íþróttastarf sem þið standið fyrir í borginni og þessu miklu og góðu og fjölmennu þátttöku sem ég er eiginlega alveg viss um að þekkið ekki miðað við höfðatölu eins og við segjum svo oft. En mig langar virkilega að fá að hrósa ykkur, ég veit alveg hvernig það er að starfa í svona miklu sjálfböðastarfi, ég er nú gamall jálkur sjálfur úr handboltanum og ég veit hverslags gríðarleg vinna þetta er, ég fylgist alltaf með sjálf og þekki mjög vel inn í handboltahreyfinguna og fylgist með þessu óeigingjarna starfi sem er út um allt í borginni og kærar þakkir fyrir það.

Í upphafi þessa árs þá hófumst við handa saman við að móta framtíðarstefnu í íþróttamálum eins og Ingvar kom inná og þessi nýja stefna, hún á að gilda til ársins 2030. Við ætlum að snerta á stóru málunum eins og uppbyggingu og rekstri íþróttafélaga, stuðning borgarinnar í gegnum frístundakort og við almenningsíþróttir en við ætlum einnig að skoða hvernig við getum jafnað betur aðstöðu og þátttöku og þar og meðal annars ekki síst með tilliti til mikilvægi hreyfinga fyrir alla aldurshópa og formaðurinn kom einmitt inná það hér áðan. Við höfum síðustu ár einnig unnið eftir sérstökum samstarfssamningi milli borgarinnar og ÍBR sem rennur út í lok þessa árs og eins og hefur þegar komið fram er vinna hafin við undirbúning nýs samnings. Tíminn er fljótur að líða, við erum núna upp úr miðjum mars og það er einhvern veginn orðið þannig í þessu lífi að það eru bara alveg að koma áramót þannig að við verðum að halda vel á spöðunum. Ég vil fullyrða það að árangur íslensks íþróttafólks sé á heimsmeilikvarða og við vitum alveg að hann er mjög góður, og hann er alveg pottþétt á heimsmeilikvarða miðað við höfðatölu svo ég komi aftur inná það. En að sama skapi, þá er ég alveg viss um að það að þessi góði árangur er engin tilviljun. Slíkur árangur næst með ástundun og elju íþróttafólksins sjálfs en líka þjálfaranna og þeim fjölda sjálfböðaliða og starfsmanna sem vinnur í þágu íþróttafélaganna og íþróttahreyfingarinnar. Aðstaða, aðbúnaðurinn og stuðningurinn við grasrótina skiptir líka gríðarlegu máli. Við búum svo vel í Reykjavík að hafa öflugt barnastarf

hjá öllum íþróttafélögum í hverfinu, það er uppsprettan okkar. Við viljum verulega halda í það. Við getum líka verið stolt af íþróttamannvirkjunum okkar þó að mörg þeirra séu orðin gömul, mörg þeirra eru líka mjög góð. Þá er stuðningur sveitafélaganna við íþróttamannvirki gríðarlegur og kannski oft svolítið vanmetinn. Mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu árin, sem dæmi, þá langar mig að nefna Hlíðarenda og Grafarvog og núna erum við með beint fyrir framan okkur ansi stór verkefni í gangi í Úlfarsárdal í tengslum við flutninginn á Fram inná svæðið og í Mjóddinni upp í ÍR, á skíðasvæðunum á höfuðborgarsvæðinu erum við með risa verkefni sem er samstarf sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Fleiri verkefni eru í umræðunni eins og uppbygging í Víkinni, innanhússaðstaða fyrir Þrótt og Ármann í Laugardalnum, bætt aðstaða hjá Fylki í Árbænum, nýtt skipulag og hugsanlega uppbygging hjá KR í Frostaskjólí og fleira og fleira og fleira og þetta þekkið þið, þá má ekki gleyma öðrum íþróttum eins og tennisíþróttum og ýmsum jaðaríþróttum. Einnig er verið að fara yfir málefni Laugardalsins í heild eins og formaðurinn kom inná og meðal annars taka tillit til skipulags uppbyggingar þjóðarleikvangs fyrir fótbolta, handknattleik, körfubolta og frjálsar íþróttir. Það er þá alveg ljóst í mínum huga að ríkisvaldið verður að koma að uppbyggingu og rekstri slíkra mannvirkja því það getur ekki bara verið verkefni Reykjavíkurborgar einnar þó að hún sé nú höfuðborgin en viljinn er hjá okkur og við erum klár í verkin. Það er ekki nóg að huga eingöngu að mannvirkjum, því að það er einnig nauðsynlegt að huga að innra starfi félaganna, rekstrarumhverfi þeirra og félagslegri uppbyggingu. Á síðustu vikum hef ég heyrt áhyggjuraddir forystumanna innan úr íþróttahreyfingunni hvað snertir fjármál félaganna. Þrátt fyrir að það geti verið ýmsum erfiðleikum bundið fyrir sveitafélög að blanda sér með beinum þætti inn í slík mál á ég von á því að þetta verði eitt af þeim viðfangsefnum sem stýrihópurinn um nýja íþróttastefnu taki á og taki upp og ræði. Reykjavíkurborg mun hér eftir sem hingað til, standa þétt með íþróttafélagunum og íþróttahreyfingunni á allan hátt sem mögulegt er fyrir sveitafélag. Ég treysti forystu félaganna og hreyfingunni, kjörnum fulltrúum og embættismönnum til þess að vinna áfram að þessum málum þannig að Reykjavík standi undir nafni í þessum málum hvað varðar íþróttaborg. Mig langar aðeins að fá að koma inná þetta með viðburðina líka. Við í borginni erum nefnilega ekki bara að huga að nýrri íþróttastefnu.

Það er líka kominn tími til þess að endurskoða ferðamálastefnu borgarinnar sem er síðan 2011 og það sjáum við sem þekkjum ferðapjónustuna að hún er náttúrulega algjörlega orðin úrelt. Það verður að endurskoða þetta og eitt af því sem kemur þar upp er ekki síst allskyns alþjóðlegir íþróttaviðburðir, ferðamennskan hefur gjörbreyst og ég veit að þið þekkið það sem hafið starfað svona lengi með íþróttahreyfingunni, við í íþróttahreyfingunni höfum í áratungi verið að fara erlendis á allskyns mót, nú er Reykjavík og Ísland orðinn raunverulegur áningarstaður, og þökk sé ykkur. Og Reykjavíkumaraþonið er einmitt einn partur af þessu. Þessi hagrænu áhrif, þessi stóru áhrif sem þetta hefur á allt efnahagslífið í borginni, á mannlífið í borginni svo ég tali nú ekki um lýðheilsuna í borginni eru gríðarlega mikil. Ég fagna mjög ef það á að kortleggja það, það er nú eitt spennandi verkefni fyrir svona rekstrarhagfræðing eins og mig, mér finnst allt svona afar mikilvægt. Það er ekki bara mikilvægt, það er líka áhugavert að sjá það, við sáum það sem samfélag þegar skapandi greinar voru greindar, hvert fótspor skapandi greina í íslensku efnahagslífi þá stóðum við öll frekar hissa í framan þegar við sáum það af því að það var miklu, miklu stærra fótspor heldur en við vissum af af því að við höfðum það ekki í hendinni. Ég hef fulla trú á því að fótspor íþróttahreyfingarinnar á landinu öllu en ekki síst í Reykjavík sé gríðarlega mikilvægt þegar kemur að hagrænu ferli. En nóg um það, að lokum langar mig að óska ykkur velfarnaðar í

störfum þingsins hér á eftir og á morgun, óska eftir og hlakka til áframhaldandi samstarfs, til hamingju með afmælið. Takk fyrir.

Ingvar Sverrisson: Takk fyrir þetta. Fyrir hönd Íþróttasambands Íslands, Hafsteinn Pálsson.

Hafsteinn Pálsson: Formaður ÍBR, stjórn þingfulltrúar og gestir. Það er mér sönn ánægja að vera kominn hingað til ykkar á þing íþróttabandalags Reykjavíkur. Ég vil flytja ykkur kveðju forseta ÍSí, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og annars starfsfólks og þakka fyrir ánægjulegt og gjöfult samstarf á liðnu ári. Til hamingju með allt ykkar mikla starf. Það háttar þannig til að ég geri það yfirleitt að umræðuefni málefni getrauna og getspár að fyrsta lið er ég ræði þegar ég mæti á þing íþróttabandalaga, héraðssambanda eða sérsambanda. Nú er ykkar ágæti formaður búinn að reifa það nokkuð vel en ég tek undir það sem hann var að fjalla um hér um mikilvægi þess að við tökum á þessum málum, því að það er klárt mál að hver einasta króna sem að stendur eftir af starfi þessara fyrirtækja, það rennur í okkar ágæta starf. Það gildir ekki um annað starf sem fer fram hér ólöglega í landinu og án þess að það séu greiddar af því skattar og skyldur. Þetta er vandamál og það eru önnur vandamál sem að fylgja starfsemi þessara fyrirtækja sem að formaðurinn ykkar kom inná. Það er vandamál þegar við vitum af því að það sé verið að fylgjast með keppni í yngri flokkum í íþróttastarfi á Íslandi og að það sé verið að selja þær upplýsingar sem þar er að finna um hugsanleg úrslit leikja. Þetta er áhyggjuefni. Nú, annað sem að formaðurinn kom inná er umræðan um eðlileg samskipti fólks. Hvernig getum við, sem hreyfing verið hnarreist og stolt af okkar starfi. Þannig að við getum verið klár á því að samskipti, aðila á milli, séu með eðlilegum hætti og ég er að vísa þarna til #metoo umræðunnar. ÍSí hefur, fyrir hönd hreyfingarinnar, skipað fulltrúa, eða tilnefnt fulltrúa í nefndir, bæði á vegum menntamálaráðherra og forsætisráðherra og við höfum átt verðuga fulltrúa það að leggja góðum málum lið og væntum þess að fljótlega fari að koma árangur af því nefndarstarfi, ég held að það sé fyrir þinginu eða á leiðinni þangað þannig að það sé skýrt. Þetta er eitthvað sem við þurfum að huga að og það vill svo til að þegar þessi umræða byrjaði fyrir rúmlega ári síðan þá var vissulega til eitthvað fræðsluefni, nokkuð fræðsluefni hjá ÍSí en það var ákveðið að það þyrfti að bæta í og það var gert og það var fengin heimild frá frændum okkar í Noregi til þess að þýða og birta efni sem að þeir áttu til og það liggur allt fyrir á heimasíðu ÍSí. Ég hvet ykkur til þess að nýta ykkur það. Nú, framundan eru Smáþjóðaleikar og Ólympíuleikar á næsta ári, það eru næg verkefni, það er ólympíusumarhátíð evrópsku ólympíu æskunnar í sumar, það var vetrarhátíð núna í febrúar, við erum með almenningsíþróttaverkefni bæði lífshlaup, hjólað í vinnuna og kvennahlaup og við getum verið stolt af þeirri þátttöku sem við fáum í þessum lýðheilsu verkefnum okkar og það skiptir máli að við séum að ná til fólks almennt og að það sé ekki í afreksstarfinu við þurfum að virkja fjöldann með okkur og það er tekið á því hér í Reykjavík með öflugum hætti eins og svo víða annarsstaðar um landið, fyrir það ber að þakka. Það er alþjóðlegur dagur hamingjunnar í dag, er það ekki? Megi það vera að leiðarljósi í starfinu og að þingið verði árangursríkt en áður en ég ætla að ljúka máli mínu þá hefur framkvæmdastjórn ÍSí falið mér hér embættisverk. Framkvæmdastjórn ÍSí hefur samþykkt að sæma Gígju Gunnarsdóttur gullmerki ÍSí.

Þá hefur framkvæmdastjórn ÍSí samþykkt að sæma Ingvar Sverrisson gullmerki ÍSí.

Þetta er vissulega gert í þeirri von að viðkomandi komi til með að halda áfram að leggja sitt að mörkum fyrir hreyfinguna. Ég óska ykkur þess að þingið verði starfssamt, að íþróttastarfið

í Reykjavík á þessu ári og komandi ári verði öflugt og gjöfult. Megi hamingjan vera ríkjandi í ykkar íþróttastarfi og til hamingju með afmælið.

Ingvar Sverrisson: Takk fyrir þetta og takk fyrir mig. Við gerum þá núna stutt hlé á þingstörfum og förum fram og fáum okkur smá veitingar, gefum gestum kost á að fara en öllum er að sjálfsögðu velkomið að sitja áfram og vinna með okkur. Við kjósum okkur þingforseta hér á eftir og svo leggjum við fram tillögurnar sem verður svo unnið með áfram í kvöld en ég ætla að gera hlé á þinginu núna.

18:00 Hlé - veitingar

18:20 Minningarorð, skýrsla stjórnar, þingforseti og þingritarar kjörnir.

Ingvar Sverrisson: Jæja, nú skulum við byrja aftur. Áður en við hefjum hefðbundin þingstörf þá hefur það verið hefð hjá okkur í Íþróttabandalaginu á þingum okkar að minnast þeirra sem eru fallnir frá á síðasta starfstímabili og ég ætla að lesa það upp núna.

Guðmundur Jónsson lést 23. júní 2017. Hann var fæddur 20. júní 1936 og hóf ungur knattspyrnuíðkun hjá knattspyrnufélaginu Fram. Eftir nokkur tímabil í meistaraflokki hóf Guðmundur þjálfun yngri flokka Fram og síðar meistaraflokk. Flokkar undir hans stjórn voru mjög sigursælir, m.a. Reykjavíkumeistarar fimm sinnum, bikar- og Íslandsmeistarar 1962 og 1972.

Þórir Jónsson lést 1. júlí 2017. Hann var fæddur 22. ágúst 1926. Hann hóf ungur að leggja stund á skíðaíþróttina innan skíðadeildar KR og var valinn til þátttöku í svigi og bruni á Vetrar-Ólympíuleikunum í St. Moritz árið 1948. Hann var formaður skíðadeildar KR í 11 ár 1951-1961, stjórnarmaður skíðasambandsins Íslands í 19 ár og þar af formaður 1969-1974. Hann var frumkvöðull að byggingu skíðalyftna hér á landi og sá um byggingu fyrstu varanlegu skíðalyftunnar í Skálafelli 1961. Aðrar fylgdu á eftir.

Anton Erlendsson lést 1. september 2017. Hann var fæddur 25. júní 1921 í Vestmannaeyjum en flutti á barnsaldri upp á fasta landið. Hann hóf eftir það æfingar hjá Val í handknattleik og knattspyrnu. Anton var í Íslandsmeistaraliði Vals, sem sigraði á fyrsta Íslandsmótinu í handknattleik, sem efnt var til 1940 í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Þá varð hann Íslandsmeistari með félaginu í knattspyrnu 1942, 1943 og 1944.

Árni Kjartansson lést 28. september 2017 á 95 ára aldursári en hann var fæddur 26. nóvember 1922. Hann iðkaði frjálssar íþróttir hjá Glímufélaginu Ármanni, tvítugur varð hann Íslandsmeistari í 1500 og 5000 metra hlaupum. Síðan tók hann upp skíðaiðkun og var formaður skíðadeildar Ármanns.

Auðunn Rafn Guðmundsson lést 18. september 2017 en hann var fæddur 16. September 1935 í Eyvindarmúla í Fljótshlíð. Hann flutti ungur til Reykjavíkur og var kosinn í stjórn knattspyrnudeildar KR 1967 til 1976, og var á þeim tíma margsinnis fararstjóri í utanlandsferðum yngri flokka knattspyrnunnar. Hann var kosinn í stjórn borðtennisdeildar KR við stofnun hennar, svo og í varastjórn aðalstjórnar KR.

Atli Steinarsson lést 8. nóvember 2017. Hann var fæddur 30. júní 1929 og hóf ungur að æfa sund í sunddeild ÍR. Hann var valinn til keppni í sundi á Ólympíuleikunum 1948 í London, sat í aðalstjórn ÍR, varamaður í stjórn ÍSÍ, einn af stofnendum Samtaka íþróttafréttamanna 1956, og formaður þeirra í áratugi, en á þeim árum hófu samtökin að velja íþróttamann ársins.

Birgir Örn Birgis lést 11. desember 2017 en hann var fæddur 23. september 1942. Hann stundaði körfuknattleik frá unglings árum hjá Glímufélaginu Ármanni og var 1959 valinn aðeins 16 ára gamall í fyrsta landsliðið í körfuknattleik og lék síðan 33 sinnum í landsliðinu. Hann keppti fyrir Ármann fram yfir þrítugt og var síðan þjálfari félagsliða og landsliðsins.

Gunnlaugur Lárusson lést 24. desember 2017 en hann var fæddur 10. apríl 1923. Ungur að árum gekk hann til liðs við Víking og lék knattspyrnu alla yngri flokkana og síðan 13 leiktímabil í meistaraflokki, lengst af sem fyrirliði. Hann lék 2 landsleiki 1947 og 1948, þegar aðeins var leikinn einn landsleikur á ári en seinna sat hann í mörg ár í þriggja manna landsliðsnefnd KSÍ. Hann sat einnig í aðalstjórn og byggingarnefnd Víkings enda átti hann ríkan þátt í flutningi félagssvæðis Víkings úr Vatnsmýrinni í Bústaðarhverfið.

Haukur Hjaltason lést 8. nóvember 2017, hann var fæddur 6. mars 1940. Á unga aldri hóf hann iðkun knattspyrnu innan KR í stórum hópi jafnaldra og síðar bættist skíðaíþróttin við. Hann sat um skeið í stjórnnum tveggja deilda KR, knattspyrnu- og skíðadeilda.

Rafn Kristján Viggósson lést 15. nóvember 2017 en hann var fæddur 11. maí 1931. Hann lagði stund á badminton um hálfra aldar skeið, sat í stjórn TBR 1966-1975, formaður Badmintonsambands Íslands 1976-1983. Hann var um skeið keppandi í meistaraflokki og Íslandsmeistari í tvíliðaleik, eftir það þjálfari bæði hjá TBR og Val. Þá var Rafn oft kallaður til dómgæslu bæði hérlendis sem og erlendis.

Marteinn Guðjónsson lést 8. febrúar 2018. Hann var fæddur 9. apríl 1925 og hóf snemma að æfa hjá Frjálsíþróttadeild ÍR, og lagði áherslu á kastgreinar, einkum sleggjukast. Seinna var hann kastdómari á frjálsíþróttamótum um áratuga skeið. Þá var hann í hálfra öld ræsir Víðavangshlaups ÍR á Sumardaginn fyrsta.

María Hildur Guðmundsóttir lést 24. febrúar 2018. Hún var fædd 15. nóvember 1925 og hóf ung að liðka handknattleik í KR og varð tvívegis Íslandsmeistari innanhúss og þrívægis utan húss. María var fyrirliði fyrsta landsliðsins í handknattleik kvenna 1956 í Helsinki. Hún var um tíma ritari aðalstjórnar KR.

Steinar Petersen lést 18. mars 2018 en hann var fæddur 18. nóvember 1946. Á unga aldri hóf hann að æfa badminton og varð með tímanum einn sterkasti keppandi TBR í tvíliða- og tvenndarleik. Árin 1969-1977 sat hann í stjórn félagsins og byggingarnefnd þess er TBR-húsið reis við Álfheima. Hann átti um skeið sæti í stjórn badminton sambandsins.

Finnbjörn Þorvaldsson lést 9. júlí 2018. Hann fæddist 25. maí 1924 í Hnífsdal, ólst upp á Ísafirði. Hann var einn fremsti spretthlaupari á Norðurlöndunum á árunum eftir heimsstyrjöldina og langstökki. Var keppandi á Norðurlandamótinu, Evrópumótinu og Ólympíuleikunum í London 1948 en þar var hann fánaberi íslenska liðsins. Finnbjörn lék einnig

handknattleik með ÍR og varð Íslandsmeistari í fyrsta Íslandsmóti í Hálogalandi 1946. Finnbjörn var endurskoðandi reikninga ÍBR 1969-1983.

Hannes Snæbjörn Sigurjónsson lést 22. júní 2018. Hann var fæddur 16. ágúst 1954. Hann stundaði ísknattleik frá unga aldri og aðeins 14 ára gamall var hann valinn í Reykjavík-úrval. Hannes var virkur í Skautafélagi Reykjavíkur og þjálfaði yngri flokka félagsins. Hann var formaður félagsins áráraðir.

Hörður Felixson lést 29. ágúst 2018 en hann var fæddur 25. október 1931. Hann hóf ungur að iðka knattspyrnu í KR, og 17 ára gamall hóf hann að leika með meistaraflokki og lék þar 249 leiki næstu 18 leiktímabil. Á þeim tíma varð hann 7 sinnum Íslandsmeistari og 5 sinnum bikarmeistari og lék í 11 landsleikjum. Hann sat um árabíl í stjórn knattspyrnudeildar KR og var formaður hennar 1953. Hann var um tíma aðstoðarhúsvörður ÍBR að Hálogalandi.

Sveinn Snorrason lést 3. september 2018 en hann var fæddur 21. maí 1925. Hann lagði ungur stund á golfíþróttina, var í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur, forseti Golfsambands Íslands 1962-1970, og forseti landssambands eldri kylfinga. Hann var kosinn í héraðsdóm ÍBR 1956-59.

Kjartan K. Steinbach lést 25. október 2018 en hann var fæddur 16. desember 1949. Hann var ungur virkur íþróttamaður í Körfubolta með KR, knattspyrnu og handknattleik með Þrótti. Síðar sneri hann sér að dómgæslu í handknattleik, sat í dómaranefnd og stjórn HSÍ frá 1974 til dauðadags. Árið 1994 var hann kosinn formaður dómara og leikreglanefndar Alþjóðahandknattleikssambandsins og í stjórn þess sambands. Í þessum embættum var hann í 8 ár.

Sigurður Svavarsson lést 26. október 2018 en hann var fæddur 14. janúar 1954. Stundaði á yngri árum handknattsleik og lék yfir 300 meistaraflokksleiki með ÍR og Fram. Hann var um skeið í stjórn handknattleiksdeildar ÍR og fulltrúi í Handknattleiksráði Reykjavíkur. Fyrirtæki hans færði um mörg ár þátttakendum í tilnefningu íþróttamanns ársins gjafabækur. Hann annaðist um skeið þjálfun handknattleiksdeildar Fram.

Helgi Guðmundsson lést 16. desember 2018. Hann var fæddur 17. apríl 1942 og ungur að árum flutti hann í Bústaðarhverfið um leið og knattspyrnufélagið Víkingur, því félagi þjónaði hann næstu 60 árin sem keppandi í handknattleik og knattspyrnu þar sem hann var um árabíl markvörður meistaraflokks svo og fulltrúi í HKRR og í deildastjórnun.

Ég vil biðja viðstadda að votta minningu þessara horfnu íþróttamanna virðingu með því að rísa úr sætum.

Þá hefjum við hefðbundin þingstörf, ég ætla að leggja það til að við veljum Sigríði Jónsdóttur sem þingforseta og Stein Halldórsson til vara. Samþykkt með klappi.

Áður en ég kalla þau hingað upp þá legg ég til að þingritarar verði Hrefna Hlín Sveinbjarnardóttir og Áslaug Sigurðardóttir. Samþykkt með klappi.

Takk fyrir, gjörið þið svo vel.

Sigríður Jónsdóttir: Formaður, ágætu þingfulltrúar ég þakka það traust sem þið sýnið mér en einu sinni að kjósa mig sem þingforseta á þing ÍBR og ég vona að ég standi undir því trausti. Áður en að við göngum til dagskrár þá langar mig að minnst á boðun þingsins en samkvæmt lögum ÍBR þá þarf að boða til þingsins með tveggja mánaða fyrirvara og það var gert 21. janúar, það kom reyndar í ljós að það höfðu ekki allir fengið fundarboðið og þar af leiðandi var það endurtekið þann 15. febrúar og þau skilaboð voru send út að þeir sem hreyfðu mótmælum við því að hafa ekki fengið fundarboð að þeir ættu að láta allavega ÍBR vita en það var enginn sem hreyfði mótmælum við því og kom með athugasemdir sem hefði þá hugsanlega þýtt að það hefði þurft að fresta þinginu, að sem sagt taka mið af þessu og þar af leiðandi er litið svo á að þetta fyrra fundarboð, 21. janúar, að það gildi. Samkvæmt lögum er sömuleiðis minnst á að allar tillögur þurfi að liggja fyrir innan ákveðins tímaramma og í ljósi þess að þessu fundarboði seinkaði og að það voru ekki allir sem fengu það þá var aðeins horft framhjá því varðandi fresti á að senda inn tillögur til stjórnar og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Allar aðrar upplýsingar hafa legið fyrir það á við um skýrslu stjórnar og endurskoðaða ársreikninga og samkvæmt lögum þá segir hér að þing ÍBR er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað og ég leyfi mér að túlka þetta að það sé, nema einhver hreyfi hér mótmælum við að þingið sé löglegt. Ég horfi yfir salinn og ég sé ekkert nema bros. Samkvæmt lögum þá á að kjósa fyrsta og annan þingforseta og þingritara og því hefur verið lokið. Þriðja mál á dagskrá er að kjósa þriggja manna kjörbréfanefnd og hér eru tillögur um að í kjörbréfanefnd verði Eiríkur Þ. Einarsson, Íva Rut Viðarsdóttir og Þórður Ólafsson, eru fleiri tillögur? Ef svo er ekki þá eruð þið réttkjörin kjörbréfanefnd. Anna Lilja Sigurðardóttir mun starfa með kjörbréfanefndinni og ég ætla vinsamlegast að biðja kjörbréfanefndina að taka til starfa. Auk þess, kannski til að flýta fundarstörfum að þá óska ég eftir heimild þingsins til þess að við fáum að halda áfram þingstörfum þó að kjörbréfanefnd hafi ekki skilað niðurstöðum á kjörbréfum og ég horfi yfir salinn og ég sé að það er enginn sem virðist ætla að mótmæla því þannig að við bara höldum áfram með þingstörfin og samkvæmt lögum bandalagsins þá liggur nú fyrir að leggja fram skýrslu stjórnar og síðan ársreikninga og ég ætla að biðja formann um að koma hingað upp og gera grein fyrir skýrslu stjórnar, Ingvar, gjörðu svo vel.

Ingvar Sverrisson: Þingforseti, góðir félagar, þið eruð nú búin að hlusta á mig í næstum því klukkutíma núna tala um það sem framundan er. Það liggur í gögnunum stefna og skýrsla, eða sem sagt, skýrsla stjórnarinnar er í gögnunum og í ræðu minni hérna áðan þá fór ég nú yfir þau megin atriði sem að við höfum verið að vinna að og leggja áherslu á og við horfðum líka aðeins til framtíðar þar þannig að ég ætla ekki að hafa ræðu um það núna, miklu frekar ef það eru einhverjar umræður eða spurningar eða eitthvað á eftir þá erum við tilbúin til að koma upp á eftir og ræða það sérstaklega.

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta Ingvar, en þá verður ársreikningur ÍBR lagður fyrir og það er gjaldkerinn Lilja Sigurðardóttir sem að kynnir ykkur ársreikning bandalagsins, Lilja, gjörðu svo vel.

Lilja Sigurðardóttir: Þingforseti, ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir. Ég mun nú fara yfir ársreikning íþróttabandlagsins. Þetta er samstæður reikningur sem samanstendur af aðalsjóði ÍBR, Skautahöll og framkvæmdasjóði. Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög og reglugerðir um ársreikninga og framsetningu þeirra og innihald. Nú, það hefur verið gerð breyting á uppsetningu reikningsins í sambandi við viðburði og tekin var sú ákvörðun fyrir árið 2018 að færa alla viðburði, nema Reykjavíkumaraþon yfir til ÍBR en undir

Reykjavíkumaraþoni voru áður tvö hlaup til viðbótar, það er að segja Laugavegshlaupið og Miðnæturhlaupið og hugmyndin er að hafa Maraþonið eitt og sér þar sem það er lang stærsti viðburðurinn og miðað við það samkomulag sem er við Reykjavíkurborg að þá eru ekki að koma styrkir til þess viðburðar nema í formi götulokana. Í ársreikningnum eru rekstrartekjur og gjöld viðburða sýnd sérstaklega kostnaður vegna viðburðanna er án launa og launatengdra gjalda en sá kostnaður er undir skrifstofu og stjórnunarkostnaði en nú er hins vegar kominn samningur við borgina um alla viðburðina í heild og þess vegna er það til skoðunar að færa alla viðburðina saman undir eina deild enda myndi slíkt form einfalda margt en við munum skoða það þá fyrir 2019. Eins og Ingvar sagði áður að þá fór fram loka uppgjör á láni sem ÍBR tók á sínum tíma vegna byggingar Skautahallarinnar. Við upphaf verkefnisins var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR til 20 ára um greiðslu borgarinnar vegna láns sem ÍBR myndi taka og það atvikaðist nú svo að lánið var tekið ári síðar og fyrsta greiðsla samkvæmt samningi fór í framkvæmdirnar en ekki til greiðslu lánsins og þar með var misræmi milli samnings við borgina og lánssamnings við bankann og Reykjavíkurborg greiddi 37.9 milljónir vegna síðustu greiðslu á láninu í þessu loka uppgjöri á árinu 2018. En að þessu sögðu, þá hefur Arnar Páll Ingvarsson löggildur endurskoðandi hjá endurskoðun og ráðgjöf veitt faglega aðstoð við gerð ársreikningsins og kjörnir skoðunarmenn þeir Guðmundur Frímansson og Sigurður Hall hafa yfirfarið samþykkt og áritað reikninginn.

Lilja las upp ársreikninga eins og þeir koma fyrir í ársskýrslunni.

Sigríður Jónsdóttir: Gjaldkeri hefur lokið máli sínu og áður en ég gef orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga þá var mér bent á að formaður kjörbréfanefndar væri kominn í salinn þannig að ég ætla að biðja hann um að koma hingað upp og gera grein fyrir störfum kjörnefndar. Ég átti að minnast á eitt hérna áðan sem var að rifjast upp fyrir mér, maður er hættur að minna fólk á að taka hringingar af símunum sínum en ég ætla þá að gera það núna þannig að símhringingar valdi ekki frekari upphlaupi á þinginu. Eiríkur, gjörðu svo vel.

Eiríkur Þ. Einarsson: Kjörbréfanefndin hefur unnið sitt starf og okkur sýnist að 69 fulltrúar séu mættir af 90 sem eiga rétt á setu og þeir eru frá 29 félögum af 72 og þar að auki koma svo sex ráð í ÍBR en eina ráðið sem hefur sent fulltrúa er Knattspyrnuráð Reykjavíkur.

Sigríður Jónsdóttir: Formaður kjörbréfanefndar hefur kynnt ykkur kjörbréfin og það er hér tillaga um að þau verði samþykkt. Þau eru samþykkt. Við höldum þá áfram og þá gef ég orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga og ég ætla að biðja þá sem óska eftir að taka til máls um að kynna sig, nú þekki ég náttúrulega ekki alla, maður þekkir fólk í sjón en maður er kannski ekki alveg með öll nöfn á hreinu en orðið er laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum um þennan lið lokið og við greiðum þá atkvæði um reikninga ÍBR. Þá ætla ég að biðja ykkur um að taka upp spjöldin og ég ætla að biðja þá sem að samþykkja reikninga eins og þeir eru lagðir fram að gefa merki með því að sýna mér grænu spjöldin. Er einhver sem er á móti? Þetta er samþykkt samhljóða, það er óþarfi að telja og reikningarnir eru samþykktir. Við höldum þá áfram dagskránnar og þá er næst fjárhagsáætlun samkvæmt lögunum þá á að leggja fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs og er það framkvæmdastjórinn sem að kynnir fjárhagsáætlunina, gjörðu svo vel.

Þingskjal 1

Fjárhagsnefnd

Fjárhagsáætlun ÍBR samstæðu 2019 - 2021

Í þúsundum króna

Rekstrartekjur	2018 raun	2019	2020	2021
Framlög og styrkir borgarsjóðs	874.200	932.100	958.000	986.800
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ, Lottó og Getraunir	129.110	120.000	120.000	120.000
Rekstrartekjur Skautahallar	76.350	77.000	80.000	83.000
Rekstrartekjur viðburða Reykjavíkumaraþons	173.000	180.000	185.000	185.000
Rekstrartekjur Framkvæmdasjóðs	16.800	20.000	21.000	22.000
Aðrar tekjur og framlög	20.961	7.000	8.000	9.000
Þjónustugjöld aildarfélaga	9.007	6.700	6.700	6.700
Fjármagnstekjur	5.200	5.200	5.200	5.200

Tekjur: 1.304.628 1.348.000 1.383.900 1.417.700

Rekstrargjöld

Úthlutaðir styrkir	811.600	864.500	890.900	917.600
Úthlutaðar Lottótekjur	105.203	105.000	105.000	105.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	100.599	99.000	101.000	103.300
Húsaleiga		5.000	5.000	5.000
Ýmis íþróttatengd starfsemi	13.051	15.000	16.500	18.000
Rekstrarkostnaður viðburða Reykjavíkumaraþons	170.550	170.000	172.000	175.000
Rekstrarkostnaður Framkvæmdasjóðs	9.127	12.000	10.000	10.000
Rekstrargjöld Skautahallar	66.342	70.000	70.000	72.000
Vextir og fjármagnstekjuskattur	1.122	1.200	1.200	1.200
Afskriftir	3.500	3.500	3.500	3.500

Gjöld: 1.281.089 1.345.200 1.376.100 1.410.300

Hagnaður ársins 23.539 2.800 7.800 7.400

Kostnaður greiddur úr sjóðum ÍBR

Verkefni ÍBR og félaga í tilefni afmælis 10.000

Fýsileikakönnun fjölnotahús 5.000

Framkvæmdir við hús ÍBR 25.000

Staða Framkvæmdasjóðs 84.111 92.000 72.000 79.000

Frimann Ari Ferdinandsson: Þingforseti, ágætu félagar. Ég ætla nú ekkert að fara út í smáatriði, það verður gert bara á nefndarfundinum á eftir en ég ætla samt að segja ykkur það að þetta er kannski aðeins óvenjulegt plagg miðað við það sem hefur verið gert undanfarin ár. Hér er verið að tala um að gera fjárhagsáætlun til þriggja ára en samkvæmt lögunum og samkvæmt venjunni hefur þetta bara verið til tveggja ára en það var rætt í stjórninni að það væri kannski skynsamlegt að hafa þetta þrjú ár af því að þegar við erum komin, eins og núna

í ár, eru liðnir núna bráðum þrjú mánuðir af árinu þannig að við erum komin inná þingárið. Þannig að þetta er allavegana tillaga stjórnarinnar að gera þetta hér með þessum hætti og nefndin getur þá fjallað um það hvort það sé rétt að gera það þó að það standist kannski ekki alveg öll lögin og það er tekið sérstaklega fram þar að það sé til tveggja ára. Eins er líka annað form hvað varðar þarna neðst sjáið þið að það er talað um að sem sagt greiðslur úr sjóðum og vegna nú sérstakra verkefna sem tekið þá er úr framkvæmdasjóði eða sérstaklega úr sjóðum ÍBR þannig að við settum það þarna fyrir neðan á plagginu. Þannig að það er svona svolítið öðruvísi framsetning en hefur verið hingað til.

Sigríður Jónsdóttir: Þá hefur framkvæmdastjórinn lokið að kynna ykkur fjárhagsáætlun ÍBR til næstu starfsára og það er hér lagt til að þetta sé merkt sem þingskjal númer eitt. Það er nú væntanlega þannig í gögnunum ykkar, og að þessu þingskjali verði vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 2

Fjárhagsnefnd

Þjónustugjald aðildarfélaga til ÍBR Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.-21. mars 2019, samþykkir að þjónustugjald aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins verði 75 krónur.

Greinargerð:

Þjónustugjald félaganna til ÍBR hefur verið 100 krónur síðan 2011. Félagsmönnum hefur fjölgað um 50% á milli ára vegna virkari skráningar. Það þýðir kostnaðarauka fyrir félögin á sama tíma og æ erfiðara er að ná í tekjur t.d. frá styrktaraðilum. Með þessari tillögu er verið að færa tekjur ÍBR af þjónustugjöldum til þess sem var áður en umrædd aukning á félagsmönnum varð að veruleika. Því er beint til stjórnar ÍBR að kanna þann möguleika að Reykjavíkurborg komi í staðinn með aukinn stuðning við rekstur skrifstofu ÍBR gegnum nýjan samstarfssamning.

Sigríður Jónsdóttir: Það næsta samkvæmt lögum er að leggja fram tillögu um þjónustugjöld félaganna, kannski ég bara lesi það hér úr pontu til að spara tíma en hér stendur að þjónustugjald aðildarfélaga ÍBR, að þingið samþykki að þjónustugjald félaganna til ÍBR verði 75 krónur og það er greinargerð sem fylgir því og þar kemur fram að þjónustugjaldið hafi verið 100 krónur síðan 2011 en vegna fjölgunar félagsmanna þá hefur fjölgað virkum skráningum sem er nú kostnaðarauki fyrir félagið á sama tíma og það er því tillaga frá stjórninni um að lækka þjónustugjaldið úr 100 krónum í 75 krónur. Ég leyfi mér að gera það að tillögu minni að vísa þessu til fjárhagsnefndar til umfjöllunar á fundi í kvöld en þetta er þingskjal númer tvö. Þá liggur fyrir samkvæmt lögum að það á að taka fyrir lagabreytingartillögur og ég ætla að biðja framkvæmdastjórnann um að koma hér aftur upp og gera grein fyrir tillögum sem að stjórnin er að leggja til varðandi breytingar á lögum ÍBR, Frímann, gjörðu svo vel.

Þingskjal 4

Tillaga um breytingu á lögum ÍBR Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:

Lagt er til að yfirstrikaður texti falli út og undirstrikaður texti bætist við.

6. grein

Þeir sem taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík skulu kappkosta að varðveita gott orðspor íþróttta, ímynd þeirra og trúverðugleika. Í því skyni skulu þeir reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum og jafnframt stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja traust og virðingu ~~út á við~~ og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu.

11. grein

Þing ÍBR skal háð annað hvert ár á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí í samræmi við þingskóp ÍBR. Til þingsins skal boða með tveggja mánaða fyrirvara þá, sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 10. gr. Þá skal og senda bandalagsaðilum upplýsingar um fjölda fulltrúa þeirra á þinginu auk kjörbréfs.

Þau mál, sem aðilar ÍBR óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn íþróttabandalagsins í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingsetningu.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi bandalagsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir þing.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins og ársskýrsla og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdarstjórn hyggst leggja fyrir þingið.

Eigi síðar en viku fyrir þing skulu aðilum sendir endurskoðaðir ársreikningar.

Þing ÍBR er lögmaett, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á þingi skal kjósa 3 manna kjörnefnd og einn til vara og starfar hún til loka næsta þings. Tilkyningar um framboð til formanns og stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Er þá framboðsfrestur útrunninn. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt bandalagsaðilum.

Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

Framboði til stjórnar eða formanns skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboð frá félagi eða félögum með a.m.k 9 atkvæði.

18. grein

Á milli þinga stjórnar bandalaginu 7 manna framkvæmdastjórn, sem kosin er til tveggja ára í senn. Skal kjósa fyrst formann, en hina 6 í tvennu lagi, þannig að fæst þrjú úr fráfarandi stjórn verði endurkosnir. Í framkvæmdastjórn má ekki kjósa þrjá eða fleiri menn frá sama aðildarfélagi. Formenn einstakra félaga, sérráða, sérsambanda eða annarra íþróttahéraða geta ekki setið í framkvæmdastjórn.

Varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir skal varpa hlutkesti um röð þeirra.

Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formannafundur skal haldinn það árið, sem þing er ekki haldið og gerir þá framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og leggur fram ársreikninga bandalagsins fyrir næsta reikningsár á undan. Til formannafundar eru boðaðir formenn allra aðildarfélaga ÍBR auk framkvæmdastjóra.

Ný grein sem yrði 23. grein

Verði ÍBR lagt niður skiptast eigur þess milli aðildarfélaga eftir stærð þeirra, 34% eftir fjölda deilda, 33% eftir fjölda iðkenda og 33% eftir fjölda félagsmanna.

Frímann Ari Ferdinandsson: Forseti og félagar, hér er kannski aðallega verið að tala um smá snyrtingu á lögnum fyrir utan kannski eina grein, ég ætla að fara örstutt yfir þetta. Það er sem sagt í sjöttu greininni að verið er að tala um að taka út orðin út á við okkur fannst að við ættum auðvitað líka að horfa inná við en ekki bara útá við þannig að þetta er svona smá lagfæring á orðalagi. Og síðan í 11. greininni, þar er verið að leggja það til að þeir sem bjóða sig fram til stjórnar eða formanns þurfi að útvega sér einhverskonar yfirlýsingu frá félagi eða félögum og hafi þá á bakvið sig að minnsta kosti níu atkvæði. Sem dæmi eru hverfafélögin í dag með 9 atkvæði en 5 fulltrúa á þingi þannig þá erum við að tala um sem því svarar. Eða þá að það gætu verið nokkur atkvæði frá nokkrum minni félögum. Hugmyndafræðin þarna að það geti ekki bara komið einhver og boðið sig fram án þess að hafa neinn á bakvið sig heldur að það sé eitthvað félag eða félög sem eru þá á bakvið viðkomandi. Svo í 18. greininni þá fengum við ábendingar frá félögnum hvort að það væri ekki við hæfi hjá okkur hjá ÍBR, eins og er búið að breyta hjá ÍSÍ, að framkvæmdastjórar væru boðaðir til formannafundar. Við höfum reyndar boðað framkvæmdastjórana núna tvö síðustu skipti, en nú er lagt til að þetta sé sett inn í lög, að það sé sjálfkrafa gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórar mæti á formannafund enda eru oft nauðsynlegt að þeir hafi þá vitneskju sem kemur fram þar og hafa þeir þá líka tækifæri fyrir þá til að leggja orð í belg. Að lokum er lagt til að bætt verði við nýrri grein sem yrði þá 23. greinin og hún snýst um það hvað eigi að gera ef ÍBR yrði lagt niður. Það eru kannski ekkert yfirgnæfandi líkur á að það yrði en hvað veit maður. Hér er tillaga, sem er að sjálfsgöðu bara tillaga, sem snýst þá um það hvernig við myndum skipta eignum ÍBR ef til þess kæmi að bandalagið yrði lagt niður. Þarna er lagt til að 34% verði eftir fjölda deilda innan félaganna, það er að segja að ef það er sérgreinafélag þá er það bara ein deild en ef það er fjölgreinafélag þá er tiltekin fjöldi deilda á bakvið það, svo er það 33% eftir fjölda iðkenda og 33% eftir fjölda félagsmanna. Þetta eru tillögurnar.

Sigríður Jónsdóttir: Takk Frímann. Þá hefur framkvæmdastjórinn kynnt ykkur tillögur að lagabreytingum. Þetta er merkt í gögnunum ykkar sem þingskjal númer 4 og ég ætla að halda mig við það því ég ætla að halda mig við að fara í gegnum kynningar á tillögnum eins og gert er ráð fyrir að það sé gert í lögnum. Þetta þingskjal væri þingskjal númer 4 og því verður vísað til laganefndar sem starfar í kvöld og við kjósum í laganefndina hérna á eftir. Þá samkvæmt lögnum eigum við að taka núna fyrir umræður, leggja fyrir sem sagt stefnumótun og starfsáætlun ÍBR, það er væntanlega framkvæmdastjórinn Frímann sem ætlar að gera grein fyrir þeirri tillögu. Þetta er merkt sem þingskjal 6 í gögnunum ykkar. Ég ætla að halda mig við það númer en vil að það sé kynnt í þessari röð hérna á þinginu. Þetta þingskjal er hefðbundið, stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárið 2019-2020 sem er í gögnunum ykkar er þar

merkt sem þingskjal númer 6 og við skulum halda okkur við það númer. Það er hér tillaga um að þessu verði vísað til allsherjarnefndar til umræðu og síðar til afgreiðslu á morgun ef að fram koma breytingar á þessu skjali.

Þingskjal 6

Allsherjarnefnd

Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2019 og 2020. Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2019 og 2020:

Unnið verður að gerð nýs samstarfssamnings við Reykjavíkurborg sem rennur út í árslok 2019. Samhliða því verður unnið að stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til ársins 2030 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í þessari vinnu verður hugað að ýmsum verkefnum svo sem gerð afreksstefnu fyrir Reykjavík, rekstur afreksliða, skoðun á kostnaði félaganna við þjálfun barna og unglinga, rýnt í launakostnað vegna mannvirkja, viku- og æfingafjöldi í mannvirkjum skoðaður, þörf á viðhaldsverkefnum hjá félögunum yfirfarin o.fl.

Stjórn ÍBR mun áfram vinna að könnun á möguleikum á að byggt verði fjölnota íþróttahús í Laugardal í samræmi við samþykkt þings 2017.

Stjórn ÍBR hefur þrýst á borgaryfirvöld að hefja vinnu við heildarskipulag Laugardals enda svæðið afar mikilvægt fyrir íþróttastarf. Því skiptir miklu máli að íþróttamannvirki og samgöngumannvirki í dalnum fái það rými sem þarf til að hægt sé að halda fjölsóttu viðburði og að aðgengi til og frá sem og á milli mannvirkja sé skipulagt eins og best verður við komið.

Mannvirkjanefnd á vegum stjórnar ÍBR hefur verið að störfum síðan 2014. Verkefni hennar var að skða þörf fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni. Nefndin hefur gert kannanir meðal aðildarfélaganna, haldið vinnufundi og gert samanburð við önnur sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að nefndin skili á árinu 2019 af sér skýrslu sem nýst getur í vinnu við stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til 2030.

Það er ljóst að það liggja fyrir óskir og hugmyndir um gríðarlega uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni sem ekki verða allar uppfylltar á stuttum tíma. Þess vegna er mikilvægt að íþróttahreyfingin í Reykjavík nýti samtakamátt sinn til að koma mikilvægustu verkefnum í forgang. Einnig þarf að hafa í huga að nýta sem best takmarkaða fjármuni og horfa til skynsamlegra lausna.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður áfram unnið að því að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi aðstöðu til íþróttastarfs. ÍBR beiti sér fyrir því að íþróttavísar verði skilgreindir og birtir. Tilgangur íþróttavísa verði að veita yfirsýn yfir stöðu íþróttastarfs s.s. þátttöku, þjónustu, fjárframlög og mannvirki.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Unnið verður að gerð jafnréttisáætlunar og siðareglna fyrir stjórn og starfsfólk ÍBR sem og að aðstoða félögin að koma á slíku á sínum vettvangi. Einnig verður unnið að því að gera ÍBR að fyrirmyndarhéraði.

Einnig verði horft til þess að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku og hafa ekki hug á að verða afrefsfólk í íþróttum en vilja iðka sína íþrótt í sínu félagi. Með eflingu Verkefnasjóðs ÍBR opnast möguleikar á stuðningi við verkefni sem stuðla að þessu.

Íþróttafélög gegna mikilvægu hlutverki í mannlífi borgarinnar, sérstaklega í nærsamfélaginu og er mikill og vaxandi áhugi hjá almenningi um þátttöku í hinum ýmsu íþróttum. Íþróttafélögin hafa vilja og áhuga á því að svara kallinu og bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í og við sín mannvirki og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. Í þessu sambandi er mikilvægt að tryggja eðlilega þróun aðstöðu (mannvirkja og búnaðar). ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg og getur Verkefnasjóður ÍBR nýst í því tilliti. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum. Þá verður unnið að heilsueflingu eldri borgara í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg.

ÍBR mun áfram sjá um framkvæmd ýmissa viðburða sem eftt geta íþróttalíf í Reykjavík og færð geta tekjur til íþróttastarfs í Reykjavík.

Leitast verður við að aðstoða eftir megni ungt og efnilegt íþróttafólk sem og íþróttafólk í fremstu röð til þátttöku í mótum eða annarra verkefna sem ýtt geta undir enn frekari árangur þeirra m.a. í gegnum Afrekssjóð ÍBR.

Starfsemi sérráðanna verður eflað enn frekar með aukinni aðstoð frá skrifstofu ÍBR og skipulag þeirra tekið til endurskoðunar.

Áfram verður unnið að inngöngu í UMFÍ í samræmi við fyrri samþykktir þinga ÍBR.

Áfram verður unnið að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

Sigríður Jónsdóttir: Þá er komið að því að taka fyrir aðrar tillögur sem hafa borist. Það væri þá í gögnunum ykkar fyrsta tillaga sem flokkast ekki undir þessar hefðbundnu tillögur sem gert er ráð fyrir í lögnum, það er þingskjal númer 3 sem er þingskjal um þjóðarleikvanga. Tillagan er eftirfarandi: 49. þing ÍBR haldið 20.-21. mars skorar á borgaryfirvöld að setja það sem skilyrði fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja sem nýst geta til landsliðsæfinga og keppni, að þau geti líka þjónað íþróttafélögum í borginni. Einnig er nauðsynlegt að samið verði við ríkið um greiðslur vegna æfinga og keppni landsliða í íþróttamannvirkjum borgarinnar. Formaður gerði ítarlega grein fyrir þessu í stefnu og í setningarræðu sinni og ég lít svo á að sú kynning dugi, það er hér tillaga um að þessu þingskjali sem er númer 3 verði vísað til

fjárhagsnefndar. Svo ætla ég að halda áfram með aðrar tillögur, þingskjal um tillögu um brottvikningu félaga, flutningsaðili er framkvæmdastjórn og segir hér að 49. gr. þing ÍBR samþykki að víkja Fimmuni, hjólreiðafélagi úr bandalaginu. Vísað er í lögina þar sem gert er grein fyrir því hvaða skilyrði félögin í Reykjavík þurfa að uppfylla til að vera aðilar að ÍBR en skv. lögum ÍBR getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Fimman hjólreiðafélag hefur ekki staðið skil á þessum gögnum og hefur ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma. Það eru rökkin. Þetta er merkt sem þingskjal númer 5 og það er gerð tillaga um að vísa þessu til laganeftar.

Þingskjal 3

Fjárhagsnefnd

Þjóðarleikvangar

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, skorar á borgaryfirvöld að setja það sem skilyrði fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja sem nýst geta til landsliðsæfinga og keppni að þau geti líka þjónað íþróttafélögum í borginni. Einnig er nauðsynlegt að samið verði við ríkið um greiðslur vegna æfinga og keppni landsliða í íþróttamannvirkjum borgarinnar.

Greinargerð:

Íþróttahreyfingin í Reykjavík getur ekki sætt sig við að íþróttamannvirki sem sérstaklega eru hönnuð til að uppfylla alþjóðlegar kröfur fyrir landslið þjóðarinnar séu byggð eða rekin á kostnað Reykjavíkurborgar. Eingöngu er hægt að fallast á hlutdeild borgarinnar í slíkum verkefnum ef það liggur fyrir að þau þjóni reykvískum félögum líka

Þingskjal 5

Laganeft

Tillaga um brottvikningu félaga.

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir að víkja Fimmuni, hjólreiðafélagi úr bandalaginu.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki

haldið aðalfund. Félagið hefur ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

Sigríður Jónsdóttir: Síðan er hér flutningsaðili að tillögu framkvæmdastjórn ÍBR sem er að finna í ykkar gögnum, það er samstarf við Reykjavíkurborg um jafnréttis- og siðamál en þar segir „49. þing ÍBR haldið 20-21. mars staðfestir að ofbeldi, þar með talið kynferðislegt ofbeldi, verði ekki liðið í íþróttastarfi í Reykjavík. Íþróttahreyfingin vill nú, sem fyrr gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja öryggi iðkenda og annarra sem að starfinu koma. Íþróttastarf byggir að mestu á sjálfboðaliðastarfi borgarbúa og þingið hvetur borgaryfirvöld til að auka enn frekar samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík varðandi jafnréttis- og siðamál. Þeir verkferlar og sú sérfræðiaðstoð og fræðsla sem til staðar er hjá borginni standi íþróttafélögunum til boða og tryggt verði gott samstarf milli aðila, borgarbúum til heilla. Þá er og mikilvægt að tryggðir verði fjármunir til að standa undir aukinni vinnu við þessi mál.“ Tillaga er um að þetta verði merkt sem þingskjal númer 7 og þessu verði vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar á fundi í kvöld.

Þingskjal 7

Allsherjarnefnd

Samstarf við Reykjavíkurborg um jafnréttis- og siðamál

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019 staðfestir að ofbeldi, þar með talið kynferðislegt ofbeldi, verður ekki liðið í íþróttastarfi í Reykjavík. Íþróttahreyfingin vill nú sem fyrr gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja öryggi iðkenda og annarra sem að starfinu koma. Íþróttastarf byggir að mestu á sjálfboðaliðastarfi borgarbúa og þingið hvetur því borgaryfirvöld til að auka enn frekar samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík varðandi jafnréttis- og siðamál. Þeir verkferlar og sú sérfræðiaðstoð og fræðsla sem til staðar er hjá borginni standi íþróttafélögunum til boða og tryggt verði gott samstarf milli aðila borgarbúum til heilla. Þá er og mikilvægt að tryggðir verði fjármunir til standa undir aukinni vinnu við þessi mál.

Sigríður Jónsdóttir: Síðan er þingskjal númer 8, það er spurning hvort að fulltrúar frá TBR vilji fylgja þessu eftir en ég ætla samt að lesa tillöguna, hún er hefðbundin og þið sem hafið oft verið á fundum ÍBR eruð farin að þekkja þessa tillögu en hún kemur frá Sigfúsi Ægi Árnasyni, framkvæmdastjóra TBR. Þar segir umsókn um inngöngu í UMFÍ: „49. þing ÍBR haldið 20.-21. mars 2019 áréttar vilja sinn um inngöngu í UMFÍ en samþykkir jafnframt að verði innganga ekki samþykkt á árinu 2019 þá hafi ÍBR frumkvæði að því að stofna samband íþróttabandalaga.“ Það er hér tillaga um að þetta verði merkt sem þingskjal númer 8 og því vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 8

Allsherjarnefnd

Umsókn um inngöngu í UMFÍ

Flutningsaðili: Sigfús Ægir Árnason.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, áréttar vilja sinn um inngöngu í UMFÍ en samþykkir jafnframt að verði innganga ekki samþykkt á árinu 2019 þá hafi ÍBR frumkvæði að því að stofna samband íþróttabandalaga.

Þá er hér tillaga sem kemur frá Raj Bonifacius sem hér í salnum, viltu fylgja henni úr hlaði? Tillögu um innihúsaðstöðu fyrir tennis eða má ég lesa hana upp? ***Raj segir gjörðu svo vel*** Takk fyrir það Raj. Það er ein tillaga hér sem kom frá Raj Bonifacius og hún er eftirfarandi „49. þing ÍBR haldið 20.-21. mars 2019 felur framkvæmdastjórn ÍBR að skipa vinnuhóp til að kanna möguleika á að byggt verði Tennishús með að minnsta kosti fjórum völlum í Laugardal. Laugardalurinn hefur verið nefndur sem fýsilegur kostur vegna staðsetningar sem myndi tryggja tennisiðkendum heilsárs tennisaðstöðu í Reykjavík.“ Raj er hér með greinargerð sem fylgir þessari tillögu sem ég ætla ekki að lesa upp hér. Ég ætla að merkja þetta sem þingskjal númer 9 og að þessu verði vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 9

Allsherjarnefnd

Innanhúsaðstaða fyrir tennis

Flutningsaðili: Raj Bonifacius

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, felur framkvæmdastjórn ÍBR að skipa vinnuhóp til að kanna möguleika á að byggt verði tennishús með a.m.k. 4 völlum í Laugardal. Laugardalurinn hefur verið nefndur sem fýsilegur kostur vegna staðsetningar sem myndi tryggja tennisiðkendum heilsárs tennisaðstöðu í Reykjavík.

Greinargerð:

Undanfarin 25 ár hafa tennisiðkendir reykvískra tennisdeilda í Fjölni, Hafna- og Mjúkboltafélaginu, Víkingi og Þrótti þurft að sækja vetraræfingar til Kópavogs eða æfa í smærri íþróttahúsum borgarinnar sem henta einungis ungum börnum. Framfarir og framtíðar möguleikar fyrir reykvíska iðkendir gætu orðið talsvert meiri ef það væru innanhúss tennisvellir í borginni og samtímis koma til móts við fleiri áhugasama tennishópa. Möguleikarnir innan Tennissambandsins aukast árlega hjá þeim sem vilja æfa og keppa fyrir hönd Íslands og líka hjá þeim sem vilja starfa sem tennisþjálfarar eða dómara. Það var góð aukning í tennismenningu hér í Reykjavík síðasta sumar með endurgerð úti tennisvalla Víkings, fleiri krakkar að spila og keppa í tennis í Reykjavík en nokkurn tíma áður og núna í maí mun reykvísku tennisdeildirnar halda fyrsta Reykjavíkurmeistaramótið í bæði liða- og einstaklings keppni. Tennisíþróttin er ein af fimm vinsælustu íþróttagreinum í heimi og hafa höfuðborgir hinna norðurlandanna komið til móts við þörf tennisiðkenda þeirra með innanhúss

tennisvöllum (Helsinki 65, Kaupmannahöfn 26, Osló 44 og Stokkhólmur 196). Við viljum rækta og efla tennisstarfsemina í Reykjavík.

Sigríður Jónsdóttir: Síðasta tillagan sem hér er lögð fyrir þing er um siðanefnd. Hér segir, og flutningsaðili er framkvæmdastjórn ÍBR: „49. þing ÍBR haldið 20.-21. mars 2019 skorar á Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands að endurskoða siðareglur sínar þannig að í þeim komi fram ákvæði er varðar eftirlit og framkvæmd þeirra. Í því sambandi verði sett á laggirnar siðanefnd ÍSÍ. Hlutverk hennar verði að úrskurða um hvort siðareglur ÍSÍ hafi verið brotnar. Hér er greinargerð sem fylgir þessari tillögu og hún merkist sem þingskjal númer 10 og henni er vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar á fundum í kvöld. Þá hef ég lokið við að kynna ykkur þær tillögur sem liggja fyrir þessu þingi og við erum komin að 9. lið í dagskránni þar sem við kjósum þingnefndir til þess að starfa í kvöld.

Þingskjal 10

Allsherjarnefnd

Siðanefnd

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

49. þing ÍBR, haldið 20.-21.mars 2019, skorar á Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) að endurskoða siðareglur sínar þannig að í þeim komi fram ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd þeirra. Í því sambandi verði sett á laggirnar siðanefnd ÍSÍ. Hlutverk hennar verði að úrskurða um hvort siðareglur ÍSÍ hafi verið brotnar.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur íþróttahreyfingin gert ýmislegt til að efla starfsemi sína með tilliti til siðamála, meðal annars:

- endurskoðað siðareglur og hegðunarviðmið (2018 - 2019).
- gefið út aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun (ÍSÍ, bæklingur).
- gefið út bækling um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi (ÍSÍ).
- bætt inn í lög ÍSÍ ákvæði um að einstaklingur sem hefur hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga má ekki starfa sem sjálfboðaliði eða launþegi innan íþróttahreyfingarinnar (þing ÍSÍ 2013).
- gefið út aðgerðaráætlun með jafnréttisstefnu (ÍBR 2018).

Einnig hefur verið gefin út viðbragðsáætlun (ÍSÍ) ef upp koma áföll og óvæntir atburðir. Í áætluninni kemur m.a. fram að æskilegt sé að íþróttafélög setji fram sína eigin viðbragðsáætlun og komi á fót viðbragðsteymi. Hlutverk viðbragðsteymis íþróttafélaga er m.a. að aðlaga viðbragðsáætlunina að allri starfsemi félagsins, veita stuðning, huga að eftirfylgd og meta þörf á utanaðkomandi aðstoð.

Reynslan hefur sýnt að mál vegna m.a. kynferðislegs ofbeldis og eineltis eru oft erfið úrlausnar og ekki alltaf á færi leikmanna að leysa úr, eðlilega treysta margir sér heldur ekki til þess. Því er lagt til að mynduð verði siðanefnd sem tekur við skriflegum athugasemdum og kvörtunum um meint brot á siðareglum ÍSÍ frá nafngreindum aðilum innan eða utan aðildarfélaga ÍSÍ. Siðanefnd hefur það hlutverk að starfa eftir starfreglum sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur og staðfestir. Reglurnar lýsa meðferð mála fyrir nefndinni, meðal annars varðandi það hvernig nefndin aflar gagna og athugasemdir málsaðila og hvernig hún upplýsir mál og birtir niðurstöður sínar.

Tekið er mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.

Má benda á starfsfyrirkomulag fagráðs Æskulýðsvettvangsins, sem hefur það hlutverk að taka til umfjöllunar kynferðisbrotamál og eineltismál sem koma upp innan þeirra félagasamtaka sem mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélaga þeirra.

Sigríður Jónsdóttir: Hér er tillaga um laganefnd, tillaga um fjárhagsnefnd og tillaga um allsherjarnefnd. Ég ætla að byrja á allsherjarnefndinni, þar er tillaga um að í allsherjarnefnd starfi sem formaður Guðmunda Ólafsdóttir, og með henni í nefndinni Raj Bonifacius, Stefán Ingi Óskarsson, Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir og Ólafur Haraldsson. Jóna Hildur Bjarnadóttir mun starfa sem starfsmaður með nefndinni. Það er rétt að taka það fram að þessir nefndarfundir eru allir opnir og það er öllum frjálst að koma og starfa með nefndinni og koma sínum skoðunum þar á framfæri. Framkvæmdastjóri mun semsagt gera grein fyrir því hér á eftir. Ég ætla næst að fá að taka fyrir fjárhagsnefndina og hér er tillaga um Harald Haraldsson sem formann, aðrir í nefndinni væru Hörður Guðjónsson, Nikolay Mateev, Lúðvík Þorgeirsson og Guðmundur Gíslason. Starfsmaður er Þórður Bergmann. Er engin stelpa sem vill vera í þessari nefnd? Stelpur þið mætið á svæðið hjá fjárhagsnefndinni. Síðan er það laganefnd. Það er lagt til að formaður sé Finnbogi Hilmarsson, svo Guðrún Harðardóttir, Guðmundur Adolfsson, Þór Björnsson og Elín Sveinsdóttir. Kjartan Freyr Ásmundsson mun starfa með nefndinni. Við ættum náttúrulega að bera það upp að samþykkja þessar nefndartillögur, þetta er greinilega samþykkt samhljóða. Á meðan ég sé engin rauð kort á lofti þá geri ég ráð fyrir að þetta sé samþykkt. Allir þessir nefndarfundir eru opnir fundir og ég hvet þingfulltrúa til að taka þátt í störfum þessara nefnda. Þessir fundir eru allir í húsakynnum ÍSÍ á annarri hæð. Laganefndin er í sal C, fjárhagsnefndin í sal D og allsherjarnefnd í sal E. Nefndarstörf hefjast þarna kl. 19:15. Við förum þá bara beint yfir til ÍSÍ það er ekki eftir neinu að bíða. Við erum aðeins á undan áætlun held ég og það eru veitingar þarna úti. Með þessum orðum þá geri ég hlé á þingstörfum þangað til á morgun kl. 17:00.

Fimmtudagur 21. Mars 2019

17:00 Álit nefnda, kosningar, niðurstaða kosninga.

Sigríður Jónsdóttir: Kæru þingfulltrúar, þá set ég aftur þingfund og við göngum til dagskrár. Eins og þið sjáið hérna á skjánum fyrir aftan mig þá erum við komin að lið nr. 10 í dagskránni sem er álit nefnda. Síðan eru kosningar sem er 11. liður í dagskránni, önnur mál og þingslit. Það verða hér kosningar á eftir og til þess að spara smá tíma þá förum við af stað með þann lið í dagskránni að kynna niðurstöður og álit nefnda en á eftir legg ég til að við förum af stað með kosningu í stjórnina. Það er þannig skv. lögnum, svo að ég upplýsi þingheim um hvernig löggin eru, að gert er ráð fyrir að það komi að minnsta kosti þrjú fulltrúar úr fráfarandi stjórn. Það er sagt í lögnum að það eigi að kjósa þrjú einstaklinga úr fráfarandi stjórn og því er það þannig að það sé gert ráð fyrir að þetta sé gert í tvennu lagi. Að allir fulltrúar sem eru í stjórninni eru þá í kjöri og þingfulltrúar kjósa og merkja við 3 nöfn af þeim sem eru í stjórninni. Þegar þessari kosningu er lokið þá er fólk sem fer fram og telur atkvæðin. Þá eru þrjú sem fara þá í aðra umferð í kosningunum. Þar að auki eru 2 sem hafa gefið kost á sér til setu í stjórn ÍBR og það verður því kjörseðill þar sem verða 5 nöfn á kjörseðlinum. Það þarf smá tíma til að undirbúa þann kjörseðil og til þess að við nýtum tímann vel þá er það tillaga mín að við munum

hafa þennan háttinn á. Það er nokkuð ljóst að Ingvar er sjálfkjörinn formaður bandalagsins þannig það er raun bara þetta stjórnarkjör sem er með smá flækjustig en það er mjög auðvelt að takast á við það. Til að koma okkur aðeins af stað þá ætla ég að hefja þennan þingfund með því að fá álit nefnda. Ég ætla fyrst að fá álit laganeftndar og við göngum frá þeim þingskjölum sem fóru til laganeftndar, að því loknu ætla ég að gefa fulltrúum sem eru í framboði færi á að koma upp í pontu og kynna sig og sín stefnumál. Ég ætla að biðja formann laganeftndar Finnboga Hilmarsson að koma hingað og gera grein fyrir niðurstöðum laganeftndar. Finnbogi gjörðu svo vel. Þetta er þingskjal númer 4.

Finnbogi Hilmarsson: Þingforseti og kærufélagar. Við í laganeftndinni fórum yfir þessar tillögur sem liggja fyrir þinginu. Í fljótu bragði var eina athugasemdin sem við gerðum á þeim tillögum sem lágu fyrir voru að í 11. gr. kom fram þessi viðbót sem var orðuð svona: „framboð til stjórnar eða formanns skal fylgja yfirlýsing um stuðning frá félagi eða félögum með a.m.k. 9 atkvæðum.“ Eftir umræður í nefndinni þá vorum við sammála um að þessu yrði breytt í 5 atkvæði. Rökin fyrir því voru að það væri full hart að þeim vegið sem höfðu einungis 1 atkvæði á bakvið sig fyrir félag sem hefði bara 1 atkvæði. Að öðru leyti voru ekki neinar athugasemdir frá laganeftndinni við þessar breytingar sem lágu fyrir. Takk.

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta. Það voru prentuð út eintök og er búið að dreifa þeim á öll borð. Varðandi lagabreytingu þá þarf 2/3 greiddra atkvæða til að samþykkja þær. Ég ætla þá að lesa upp þessar greinar sem um er að ræða að breyta. Kannski ekki allar greinarnar, við tökum hverja grein fyrir sig og greiðum um hana atkvæði. Svo greiðum við atkvæði um lögin í heild. Hefst nú lestur. Það er tillaga um breytingu á 6. greinin og þar var verið að taka út orð, ég ætla að lesa síðustu málsgreinina „Í því skyni skulu þeir reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum og jafnframt stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja traust og virðingu og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu.“ Þeir sem samþykkja þessa grein, vil ég vinsamlegast biðja um að gefa mér merki með grænu spjöldunum. Er einhver á móti? Er einhver sem situr hjá? Það er nokkuð ljóst á fjölda grænna spjalda að þetta er samþykkt þannig að við þurfum ekki að telja. Þá er það 11. greinin sem komið varð með tillögu að breytingum og væntanlega hefur það verið niðurstaða laganeftndar. Breytingatillaga frá laganeftnd hljóðar svo: „Framboði til stjórnar eða formanns skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboð hjá félagi eða félögum með a.m.k. 5 atkvæði.“ Orðið er laust um þessa tillögu. Þeir sem samþykkja þetta vinsamlegast gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Tillagan er samþykkt.

Hér er tillaga að breytingu á 18. gr. laga. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þessu í gær, það bætist þar við „Að til formannafundar er eru boðaðir formenn allra aðildarfélaga ÍBR, auk framkvæmdastjóra.“ Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs er umræðum um hana lokið. Vil vinsamlega biðja þá sem samþykkja tillöguna að rétta upp græna spjaldið. Ég held að ég þurfi ekki að kalla eftir mótatkvæðum. Tillagan er samþykkt samhjóða. Síðan var verið að bæta við nýrri grein sem er 23. gr. um þann fræðilega möguleika að ÍBR verði lagt niður, líkurnar voru nú ekki miklar taldi formaðurinn og ég held ég taki undir það. Allavega ekki á 75 ára afmælinu. „Verði ÍBR lagt niður skiptast eigur þess milli aðildarfélaga eftir stærð þeirra, 34% eftir fjölda deilda, 33% eftir fjölda iðkenda og 33% eftir fjölda félagsmanna.“ Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum um hana lokið. Þeir sem samþykkja þessa nýju grein inn í lög ÍBR vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Svo er ekki þessi nýja 23. gr. er samþykkt samhjóða. Þá ætla ég að bera upp lögin í heild sinni með áorðnum breytingum og ég vil vinsamlega biðja þá sem samþykkja lög

ÍBR með áorðnum breytingum að gefa merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti eða situr hjá? Svo er ekki. Lög ÍBR eru samþykkt einróma, ég held að allir hafi lyft spjöldunum sínum, takk fyrir það. Þá var annað mál sem laganefndin fékk til umfjöllunar, það er þingskjal númer 5. Ég ætti þá kannski að biðja þig um að koma aftur upp og ljúka því sem laganefndin fékk til umfjöllunar.

Finnbogi Hilmarsson: Þingforseti, þetta er semsagt þingskjal númer 5 þar sem það er lagt til að víkja Fimmunni hjólréiðafélagi úr bandalaginu og við gerum ekki athugasemdir við það.

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta. Hér er svo tillaga um brottvikningu félags úr ÍBR, þingskjal númer 5 sem er tillaga um að Fimmunni hjólréiðafélagi verði vikið úr bandalaginu. Orðið er laust um þessa tillögu. Það er enginn sem kveður sér hljóðs, þá er umræðum lokið. Þeir sem samþykkja þessa tillögu um að víkja Fimmunni úr bandalaginu vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Þessi tillaga er samþykkt samhljóða. Þá held ég að sé komið að því að við förum að huga að kosningum. Ég ákvað að gefa smá tíma þannig að þeir sem væru á leiðinni hingað kæmust örugglega í Laugardalinn, mér sýndist vera hríð úti áðan þannig væntanlega er umferðin í Reykjavík frekar hæg en það hljóta allir að vera komnir nú sem voru á leiðinni hingað. Mér hefur verið bent á það varðandi kosningar, þar sem er talað um í lögum að það séu 3 kosnir úr fráfarandi stjórn. Það hefur tíðkast það vinnulag að kjörnefnd hefur tilnefnt þessa þrjá einstaklinga úr fráfarandi stjórn. Það hefur ekki reynt á þetta ákvæði undanfarin ár þar sem það hafa ekki endilega verið kosningar um sætin sem á eftir komu. Framboð þurfa að hafa borist kjörnefnd innan ákveðins tíma. Við erum með framboð allra sitjandi stjórnarmanna ÍBR. Það er ekkert í lögum sem kveður á um að það eigi að raða þessum einstaklingum í þessu þrjú sæti þó að það hafi ákveðið vinnulag verið viðhaft og ég sem fundarstjóri er lúmskt búin að lesa lögin og get ekki séð betur en að það sé þannig að það eigi allir að vera í kjöri varðandi þessi þrjú sæti. Því ætla ég að gefa þeim sem sitja í stjórninni færi á að koma hingað upp og kynna sig. Eftir það munum við svo ganga til kosninga til að spara tíma. Þá getum við haldið áfram með þingstörfin hér og afgreiðslu þingskjala. Hér segir um kosningar „það eru kosnir 3 stjórnarmenn af fráfarandi stjórn.“ Í kjöri eru Björn Magnús Björgvinsson, Gígja Gunnars, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Viggó H. Viggóson, Lilja Sigurðardóttir og Örn Andrésson. Ég hugsa að það sé alveg nægjanlegur tími að fá 2-3 mínútur til að kynna sig og það er best að allir komi upp í stafrófsröð svo ég ætla að bjóða Birni að koma upp fyrst.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Tillaga um breytingu á lögum ÍBR

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:

Lagt er til að yfirstrikaður texti falli út og undirstrikaður texti bætist við.

6. grein

Þeir sem taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík skulu kappkosta að varðveita gott orðspor íþróttta, ímynd þeirra og trúverðugleika. Í því skyni skulu þeir reiða sig á eigin samvisku í siðferðilegum efnum og jafnframt stunda fagleg og heiðarleg vinnubrögð, vekja traust og virðingu ~~út á við~~ og leitast við að styrkja samstarf og samstöðu.

11. grein

Þing ÍBR skal háð annað hvert ár á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí í samræmi við þingsköp ÍBR. Til þingsins skal boða með tveggja mánaða fyrirvara þá, sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 10. gr. Þá skal og senda bandalagsaðilum upplýsingar um fjölda fulltrúa þeirra á þinginu auk kjörbréfs.

Þau mál, sem aðilar ÍBR óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn íþróttabandalagsins í síðasta lagi fjórum vikum fyrir þingsetningu.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi bandalagsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 2 vikum fyrir þing.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins og ársskýrsla og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdarstjórn hyggst leggja fyrir þingið.

Eigi síðar en viku fyrir þing skulu aðilum sendir endurskoðaðir ársreikningar.

Þing ÍBR er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á þingi skal kjósa 3 manna kjörnefnd og einn til vara og starfar hún til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Er þá framboðsfrestur útrunninn. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt bandalagsaðilum.

Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

Framboði til stjórnar eða formanns skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboð frá félagi eða félögum með a.m.k 5 atkvæði.

18. grein

Á milli þinga stjórnar bandalaginu 7 manna framkvæmdastjórn, sem kosin er til tveggja ára í senn. Skal kjósa fyrst formann, en hina 6 í tvennu lagi, þannig að fæst þrjú úr fráfaranði stjórn verði endurkosnir. Í framkvæmdastjórn má ekki kjósa þrjá eða fleiri menn frá sama aðildarfélagi. Formenn einstakra félaga, sérráða, sérsambanda eða annarra íþróttahéraða geta ekki setið í framkvæmdastjórn.

Varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir skal varpa hlutkesti um röð þeirra.

Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formannafundur skal haldinn það árið, sem þing er ekki haldið og gerir þá framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og leggur fram ársreikninga bandalagsins fyrir næsta reikningsár á undan. Til formannafundar eru boðaðir formenn allra aðildarfélaga ÍBR auk framkvæmdastjóra.

Ný grein sem verður 23. grein

Verði ÍBR lagt niður skiptast eigur þess milli aðildarfélaga eftir stærð þeirra, 34% eftir fjölda deilda, 33% eftir fjölda iðkenda og 33% eftir fjölda félagsmann

Samþykkt þings ÍBR 2019

Tillaga um brottvikningu félaga.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir að víkja Fimmuni, hjólreiðafélagi úr bandalaginu.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Félagið hefur ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

Björn Magnús Björgvinsson: „Þingforseti, þingfulltrúar ég heiti Björn Magnús Björgvinsson, KR-ingur á eftirlaunum, síðast starfaði ég sem skólastjóri hér við Laugarlækjarskóla. Ég hef starfað lengi innan íþróttahreyfingarinnar, m.a. sem formaður Körfuknattleikssambandsins, sat í aðalstjórn KR sem meðstjórnandi og síðast sem varaformaður. Þó ég sé ætíð KR-ingur þá hef ég haft heill og hamingju íþróttu í Reykjavík að leiðarljósi innan stjórnar ÍBR og mun starfa þannig áfram. Ég hef setið í stjórn ÍBR frá 2011 og er tilbúinn til að gefa kost á mér áfram til setu næsta tímabil. Takk.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir Björn, þá er það Gígja Gunnarsdóttir, Gígja gjörðu svo vel.

Gígja Gunnarsdóttir: „Þingforseti og þingfulltrúar, ég heiti Gígja Gunnarsdóttir. Ég hef setið í stjórn ÍBR frá árinu 2006 og þá gætu einhverjir sagt er nú ekki bara kominn tími til að taka sér hlé, en maður spyr sig hvort maður hafi eitthvað fram að færa og ég tel að ég hafi eitthvað fram til að færa ennþá og það er ennþá töggur í mér til að taka slaginn ef á þarf að halda þegar við erum ekki sammála um einhver mál, við erum sem betur fer ekkert alltaf sammála í stjórninni. Ég hef líka mjög gaman að þessu, það er enginn vorkunn að vinna með þessu góða fólki sem er í stjórninni og starfsfólkinu, öllu þessu góða fólki í hreyfingunni. Í grunninn æfði ég og var lengst af í Ármanni í júdó, bæði sem iðkandi og þjálfari og hef líka komið að stjórn Júdósambands Íslands. Ég er í bakgrunninn íþróttu- og lýðheilsufræðingur, hef starfað m.a. sem sviðstjóri ÍSÍ almenningsíþróttu og starfa núna hjá embætti landlæknis sem verkefnastjóri heilsueflingar samfélags og hreyfingar. Eins og Björn sagði, þá er maður fulltrúi allra félaga í stjórninni en það sem ég kannski helst brenn fyrir eru gæðamálin og einmitt þetta að ég tel að íþróttahreyfingin eigi, og ég veit að hún er alltaf að gera sitt allra besta, og það er á ábyrgð okkar í stjórn ÍBR, að þá að reyna að aðstoða félögin sem best í þeirri vegferð. Við þurfum þá að vera óhrædd við að reyna að gera sem best og kalla þá eftir aðstoð ef við þurfum á aðstoð að halda til að geta staðið okkur eins vel og við viljum gera. Ég gef kost á mér ef það er eftirspurn, takk fyrir.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta Gígja þá er það Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Guðrún gjörðu svo vel.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir: „Komið þið sæl, fundarstjóri, formaður, framkvæmdastjóri og aðrir íþróttafélagar. Ég heiti Guðrún Ósk Jakobsdóttir og hef verið tengd íþróttum frá fæðingu. Ég byrjaði ung í dansi, æfði skíði, jazzballett og fimleika og þar hef ég mest verið. Ég hef setið í stjórnnum og ráðum frá 1992, það er alveg stanslaust í 27 ár og aldrei tekið pásu enda var ég heimavinnandi húsmóðir og alltaf til taks. Ég sat í stjórn knattspyrnudeildar Fylkis frá 1994 til 2001 og jafnframt því formaður barna- og unglingaráðs. 2001 ætlaði ég að hætta í fótboltanum því ég var komin á fullt í fimleikana, var bæði þjálfari þar og komin í stjórn en þó var ég beðin um, ásamt nokkrum pöbbum að rífa upp meistaraflokk kvenna í fótbolta en hann hafði verið lagður niður nokkrum árum áður. Við byrjuðum þá 2001, ég og nokkrir þabbar og rifum upp meistaraflokk kvenna, þar var ég formaður og hætti svo 2007. Þá var ég orðinn formaður fimleikadeildar og sat í aðalstjórn Fylkis. Ég sagði mig úr öllu og hætti og endaði bara í fimleikunum, hef verið þar í 21 ár og formaður núna í 15 ár. Ég þjálfá ennþá fimleika, er núna með litlu börnin á sunnudagsmorgnum, fullt af litlum krílum 3-5 ára. Ég hef setið í stjórn ÍBR í 10 ár, kom inn á sama tíma og Ingvar, ég var 2 ár í varastjórn Fimleikasambands Íslands en nú er ég í Fimleikaráði Reykjavíkur sem við erum nýbúin að stofna, nokkrir góðir saman. Ég hef setið í tveimur nefndum innan Reykjavíkurborgar þar sem er fjallað um íþróttamál, hef setið í nefndum innan ÍBR og Fylkis. Ég hef nóg að gera en þetta eru mín ær og kýr, þ.e. íþróttamál, mér finnst gaman í stjórnnum og gaman í ráðum og ég hef nógan tíma. Ég gef áfram kost á mér, ég er 55 ára gömul og hef nógan tíma í öllu svona stússi. Takk fyrir það.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir Guðrún og þá er það Viggó H. Viggósson. Viggó gjörðu svo vel.

Viggó H. Viggósson: „Þingforseti, ágætu þingfulltrúar, ég heiti Viggó. Ég hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og hef frá unglingsaldri tekið virkan þátt í ýmis konar félagsstarfi. Ég held að ég hafi starfað í þremur íþróttafélögum í gegnum tíðina, í Fylki sem þátttakandi, svifflugfélagi Íslands og svo Golfklúbbi Reykjavíkur þar sem ég sat í stjórn um árabíl. Ég hef verið í stjórn ÍBR frá 2009 eins og Guðrún Ósk og Ingvar, haft mikla ánægju af þessu starfi, af samstarfi við starfsfólkið, ykkur öll og svo auðvitað stjórnina. Í dag vinn ég við hugarfóstur mitt sem er að reka golfklúbbinn í Holtagörðum sem er gleðiverksmiðja við Sund. Þar vinn ég 16 tíma á dag, 360 daga á ári held ég en ég vona að ég sé búinn að byggja það þannig upp fljótlega svo ég geti nú aðeins farið að slaka á. Því tengt, þá langar mig að segja aðeins frá sjálfum mér, ég er frumkvöðull í eðli mínu, hef gaman að nýjum hugmyndum og nýjum hlutum, að taka þátt í að móta slíkar hugmyndir og helst auðvitað að sjá þær verða að veruleika. Í mínum huga er glasið hálf-fullt. Allt er mögulegt. Þrátt fyrir að vera nýjungadrifinn þá geri ég mér fulla grein fyrir mikilvægi reynslunnar og viðtekinnna gilda og þar eru einmitt undirstöðurnar okkar og á því vil ég byggja. Ég kys að kalla mig framsækinn íhaldsmann. Þess hef ég gætt í starfi mínu hjá ÍBR, ég hef reynt að faðma nýjar hugmyndir, máta þær við starfið okkar og ég er opin fyrir nýjungum og nýjum möguleikum. Ég hef mikla trú á íþróttahreyfingunni sem lýðheilsu- og hreyfiafli í samfélaginu, starf okkar snertir nánast alla og allt. Hreyfing gerir fólk heilbriggt og gerir það líka hamingjusamt og keppni í íþróttum eykur þolgæði einstaklinga. Eitt mikilvægasta verkefni okkar er að auka hreyfingu allra, sér í lagi barna. Við verðum að átta okkur á því að gleði er segullinn sem dregur fólk að íþróttum. Við eigum að markaðsetja og selja gleði. Það er okkar hlutverk og á að vera þungamiðjan í okkar starfi. Íþróttafélögin skipta miklu máli í sínu nærsamfélagi, kannski höfuðmáli og við sem heild erum síðan stærsta fjöldahreyfingin í borginni og íþróttafélögin í landinu auðvitað stærsta fjöldahreyfingin í landinu. Ágæta íþróttafólk, ég hef talað fyrir auknu samráði og samstarfi íþróttafélagana. Mér finnst blasa við að fjöldi verkefna séu best leyst á sameiginlegum grunni, á vettvangi ÍBR. Hvert

og eitt félag hlutast auðvitað áfram í sínum málum, háir sínar orrustur en sameinuð getum við unnið stríð, gert svo miklu meira en hver einstaklingur. ÍBR er vettvangurinn til sameiningarinnar og þar eigum við að virkja aflið sem með okkur býr. Ég á mér marga drauma og mig langar að segja ykkur frá einum sem tengist starfinu hér. Það er draumurinn um að íþróttafélögin í Reykjavík eignist fjölnota íþrótt- og viðburðarhús hér í Laugardalnum. Ég tel að slíkt hús myndi svara kalli fjölda íþróttagreina, smærri sem stærri, og gæti orðið þungamiðja í borgarlífinu sem og íþróttalífinu, og hugsanlega mjólkurkýr fyrir félögin. Kæru félagar, ég heiti Viggó Haraldur Viggósson og er 56 ára gamall Árbæingur í húð og hár, sólarliturinn sem er gjarnan kenndur við appelsínur er minn uppáhalds litur og svo til að manifesta það hvað ég er mikill Árbæingur þá er ég 110 kg eins og pósthúmerið. Ég heiti semsagt Viggó og óska eftir stuðningi ykkar til áframhaldandi setu í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur. Takk fyrir.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk Viggó. Þá er það Lilja Sigurðardóttir. Lilja gjörðu svo vel.

Lilja Sigurðardóttir: „Það er eitthvað skrítið við þessa stafrófsröð hjá ykkur en það er nú allt í lagi. Þingforseti, ágætu þingfulltrúar ég heiti Lilja Sigurðardóttir, er viðskiptafræðingur að mennt og vinn í banka. Ég var fyrst kosin í stjórn ÍBR árið 2002 og hef verið gjaldkeri stjórnar frá 2009 og hef setið við rekstrardeild Skautahallarinnar í Laugardal líka, er í stjórn íslenskra Getrauna og stjórn Reykjavíkumaraþons svo eitthvað sé nefnt. Ég er því komin með þónokkra reynslu í þessu. Nú ég hef setið einnig í framkvæmdastjórn Íþrótt- og ólympíusambandsins og þar er ég formaður afrekssjóðs og er í fjárhagsráði. Ég tel að það sé nokkuð mikilvægt að hafa fulltrúa frá ÍBR í ÍSÍ því það er gott að hafa tengingu þarna á milli. Minn íþróttalegi bakgrunnur er handbolti og badminton en ég hef annars bara mjög mikinn áhuga á íþróttum almennt og íþróttahreyfingunni í heild sinni. Mig langar að halda áfram að vinna með ykkur öllum, í félögunum og ÍBR og þeim stjórnnum sem ég sit í. Vinna með ykkur að framgangi íþróttamála í Reykjavík og ég verð ykkur mjög þakklát ef ég fæ stuðning ykkar í kosningunni á eftir. Takk fyrir.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk Lilja og þá er það Örn Andrésen í þessari frjálslegu stafrófsröð. Örn gjörðu svo vel.

Örn Andrésen: „Þingforseti, ágætu félagar. Örn Andrésen heiti ég, er búinn að starfa í allmörg ár í íþróttahreyfingunni og búinn að vera í stjórn ÍBR lengur heldur en Gígja og ætla ekki að.. Ég hef núna síðustu ár verið varaformaður Íþróttabandalagsins og hef jafnframt setið í stjórn Íþrótt- og ólympíusambandsins, verið formaður afrekssviðs þar. Ég hef setið í ýmsum nefndum, bæði starfsnefndum og ýmsum stjórnnum; varastjórn Getspá, stjórn Getrauna, var í byggingarnefnd Skautahallar og fleira. Hef mikinn og brennandi áhuga ennþá á að vinna fyrir félögin í Reykjavík. Ég kem upphaflega úr Víking, hef svona starfað að framgangi íþróttanna allra félaga í Reykjavík og er tilbúinn að starfa áfram fyrir félögin í Reykjavík allavega á meðan áhugi er fyrir hendi. Takk fyrir.“

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta Örn. Þá hafa frambjóðendur í þessi þrjú sæti lokið við að kynna sig. Við ætlum nú að ganga til kosninga. Fyrirkomulag er eftirfarandi: Þið komið til starfsfólks ÍBR til að fá kjörseðla. Nöfn félaganna verða lesin upp og það hafa ekki borist nein ný kjörbréf þannig að það eru sömu kjörbréf og voru í gær. Ég þarf að biðja þá sem eru mættir

fyrir sitt félag að standa á fætur því að það er þannig að hver fulltrúi getur aðeins farið með 2 atkvæði á mann.

Steinn Halldórsson: Komið þið sæl, Steinn Halldórsson heiti ég. Þá skulum við byrja á að útbíta atkvæðum. Ég ætla að biðja viðkomandi að labba hér að, taka við atkvæðinu og setja svo atkvæðisseðilinn í kassann á bakvið ykkur, blái kassinn beint fyrir aftan.

Aikikai	1 fulltrúi	2 atkvæði
Dansfélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Frisbíggolfélag Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði
Glímufélagið Ármann	4 fulltrúar	8 atkvæði
Golfklúbbur Brautarholts	Enginn mættur	
Golfklúbbur Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Hafna og mjúkboltafélagið	Enginn mættur	
Hestamannafélagið Fákur	4 fulltrúar	8 atkvæði
Hjólskautafélagið	1 fulltrúi	1 atkvæði
Íþróttafélag Breiðholts	1 fulltrúi	1 atkvæði
Íþróttafélag fatlaðra	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélag fatlaðra	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélag Reykjavíkur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Íþróttafélagið Fylkir	5 fulltrúar	9 atkvæði
Íþróttafélagið Leiknir	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélagið Ösp	1 fulltrúi	2 atkvæði
Keilufélag Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði
Klifurfélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Knattspyrnufélagið Fram	2 fulltrúar	4 atkvæði
Knattspyrnufélagið Valur	1 fulltrúi	2 atkvæði
Knattspyrnufélagið Víkingur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Knattspyrnufélagið Þróttur	4 fulltrúar	8 atkvæði
Siglingafélag Rvk. Brokey	1 fulltrúi	1 atkvæði
Skotfélag Reykjavíkur	3 fulltrúar	6 atkvæði
Skylmingafélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Sundfélagið Ægir	Enginn mættur	
TBR	5 fulltrúar	9 atkvæði
Ungmennafélagið Fjölnir	4 fulltrúar	8 atkvæði
Vélahjólaklúbburinn	1 fulltrúi	2 atkvæði
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði

Þá ætla ég að biðja ykkur um að setja atkvæðaseðlana í boxið fyrir aftan ykkur. Endilega drífið ykkur svo við getum farið að telja. Vinsamlega takið eftir. Það má aðeins kjósa þrjá, hvorki fleiri né færri. Er það ekki allveg á hreinu?

Sigríður Jónsdóttir: Ég vona að það séu allir búnir að skila af sér atkvæðum. Kassinn er hérna aftast í salnum. Allir búnir að skila. Takk fyrir það. Ágætu þingfulltrúar þá ætlum við að halda áfram með dagskrána. Við ætlum að fá álit fjárhagsnefndar sem er þingskjal númer 1. Ég ætla að biðja formann fjárhagsnefndar að koma hingað upp og gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Gjörðu svo vel.

Haraldur Haraldsson: Þingforseti, kæru fulltrúar, ég heiti Haraldur Haraldsson og er Víkingur. Með mér í fjárhagsnefnd sátu Guðmundur Gíslason frá skotfélagi Reykjavíkur, Hörður Guðjónsson frá Fylki, Lúðvík Þorkelsson frá Fram, Nikolay Mateev frá Skylmingafélagi Reykjavíkur og Þórður Bergmann var okkar tryggi starfsmaður. Það var þremur þingskjölum vísað til nefndarinnar og um 20 manns sem litu við í heildina hjá okkur. Fyrsta þingskjalið er fjárhagsáætlun ÍBR samstæðunnar og það voru tveir punktar sem við hripuðum þar niður, einn sem að við leggjum til að þingskjalið sé samþykkt að áornum breytingum. Það er villa í samtölu gjalda fyrir 2019. Greinilega unnið í word. Svo áttum við smá umræður um áætlun fyrir árið 2021 sem er semagt ár nr 3. Löggin gera ráð fyrir að það þurfi að leggja fram 2ja ára áætlun. Okkur fannst þetta vel til fundið. Það er komið vel inn í þetta rekstrarár og gefur okkur bara betri yfirsýn yfir reksturinn og stöðuna hverju sinni. Við leggjum til að með áornum breytingum fyrir gjaldárið 2019 sem er náttúrulega bara klaufaleg villa, að þetta verði samþykkt svona. Þingskjal númer 2 það fjallar um þjónustugjöld félaga til ÍBR. Á þinginu árið 2017 lagði framkvæmdastjórnin til að þetta gjald yrði hækkað. Það fór illa í lýðinn og því var vísað frá. Nú kemur önnur tillaga frá framkvæmdanefndinni sem lýtur að því að lækka þetta úr 100 kr. í 75 kr. Stóra skýringin á því er að það hefur orðið töluverð aukning félagsmanna með tilkomu Nóra og það er aðallega út af því að þegar foreldrar skrá börnin sín þá skrá þau sjálf sig sem félagsmann. Það er svona hak í Nóranum og fyrir vikið varð á milli árána 2017 og 2018, 32% fjölgun félagsmanna. Þau vilja lækka þetta. Tekjustofninn verður áfram óbreyttur í krónutölu og gjöldin okkar þar af leiðandi. Við leggjum til að þetta verði bara samþykkt svona, og var ekki mikil umræða um það. Svo er það þingskjal 3, það snýr að þjóðarleikvöngum og er frá framkvæmdastjórninni líka. Við áttum góðar umræður um þetta þingskjal og það ríkti algjör samhljómur um það og leggjum við til að það verði samþykkt. Við teljum það afar mikilvægt að forrysta íþróttamála í Reykjavík hafi slíka samþykkt þingsins að baki sér við þær viðræður sem framundan eru um þjóðarleikvanga. Eins og allir vita þá færast meiri þungi í kröfuna um nýja Laugardalshöll og nýja höll fyrir HSÍ og KKÍ. Nýr Laugardalsvöllur kallar svo líka aftur á nýja aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Við teljum mjög mikilvægt að þetta sé samþykkt svo að það sé klár stuðningur við framkvæmdanefnd ÍBR að fá félögin í Reykjavík – að þetta sé svona eins og við viljum hafa það. Að öðru leyti vil ég bara þakka nefndarmönnum og þeim sem sóttu fundinn. Takk fyrir.

Sigríður Jónsdóttir: Þá hefur Haraldur Haraldsson, formaður fjárhagsnefndar, kynnt ykkur niðurstöður nefndarinnar og þá tek ég fyrst fyrir þingskjal 1 sem er fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára, eða fram til 2021 er hér til umræðu þannig orðið laust um þingskjalið. Það hefur enginn kveðið sér hljóðs og þá er umræðum lokið. Þeir sem samþykkja fjárhagsáætlunina eins og hún liggur fyrir vinsamlegast gefið merki með græna spjaldinu. Þetta er samþykkt einróma sýnist mér. Takk fyrir. Þá er það þingskjal 2 um þjónustugjöld aðildarféлага þar sem

lagt er til að þjónustugjaldið verði 75 kr. Orðið er laust. Það hefur enginn kvatt sér hlóðs og þá umræðum er lokið. Þeir sem samþykkja þingskjal 2 vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Þetta er samþykkt með öruggum meirihluta. Þá er það þingskjal 3 um þjóðarleikvanga frá framkvæmdastjórn ÍBR. Ég ætla að lesa upp tillöguna. Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum lokið og ég ber hana upp. Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún liggur hérna fyrir þá vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Svo er ekki og þetta er samþykkt samhljóða. Við erum þá komin að því að fá að heyra niðurstöður allsherjarnefndar. Það er þá þingskjal nr 6 sem allsherjarnefnd fjallar um Guðmunda Ólafsdóttir gjörðu svo vel.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Fjárhagsáætlun ÍBR samstæðu 2019 - 2021

Í þúsundum króna

Rekstrartekjur	2018 raun	2019	2020	2021
Framlög og styrkir borgarsjóðs	874.200	932.100	958.000	986.800
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ, Lottó og Getraunir	129.110	120.000	120.000	120.000
Rekstrartekjur Skautahallar	76.350	77.000	80.000	83.000
Rekstrartekjur viðburða Reykjavíkumaraþons	173.000	180.000	185.000	185.000
Rekstrartekjur Framkvæmdasjóðs	16.800	20.000	21.000	22.000
Aðrar tekjur og framlög	20.961	7.000	8.000	9.000
Þjónustugjöld aildarfélaga	9.007	6.700	6.700	6.700
Fjármagnstekjur	5.200	5.200	5.200	5.200
Tekjur:	1.304.628	1.348.000	1.383.900	1.417.700
Rekstrargjöld				
Úthlutaðir styrkir	811.600	864.500	890.900	917.600
Úthlutaðar Lottótekjur	105.203	105.000	105.000	105.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	100.599	99.000	101.000	103.300
Húsaleiga		5.000	5.000	5.000
Ýmis íþróttatengd starfsemi	13.051	15.000	16.500	18.000
Rekstrarkostnaður viðburða Reykjavíkumaraþons	170.550	170.000	172.000	175.000
Rekstrarkostnaður Framkvæmdasjóðs	9.127	12.000	10.000	10.000
Rekstrargjöld Skautahallar	66.342	70.000	70.000	72.000
Vextir og fjármagnstekjuskattur	1.122	1.200	1.200	1.200
Afskriftir	3.500	3.500	3.500	3.500
Gjöld:	1.281.089	1.345.200	1.376.100	1.410.300

Hagnaður ársins	23.539	2.800	7.800	7.400
Kostnaður greiddur úr sjóðum ÍBR				
Verkefni ÍBR og félaga í tilefni afmælis		10.000		
Fýsileikakönnun fjölnotahús		5.000		
Framkvæmdir við hús ÍBR			25.000	
Staða Framkvæmdasjóðs	84.111	92.000	72.000	79.000

Samþykkt þings ÍBR 2019

Þjónustugjald aðildarfélaga til ÍBR

49. þing ÍBR, haldið 20.-21. mars 2019, samþykkir að þjónustugjald aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins verði 75 krónur.

Greinargerð:

Þjónustugjald félaganna til ÍBR hefur verið 100 krónur síðan 2011. Félagsmönnum hefur fjölgað um 50% á milli ára vegna virkari skráningar. Það þýðir kostnaðarauka fyrir félögin á sama tíma og æ erfiðara er að ná í tekjur t.d. frá styrktaraðilum. Með þessari tillögu er verið að færa tekjur ÍBR af þjónustugjöldum til þess sem var áður en umrædd aukning á félagsmönnum varð að veruleika. Því er beint til stjórnar ÍBR að kanna þann möguleika að Reykjavíkurborg komi í staðinn með aukinn stuðning við rekstur skrifstofu ÍBR gegnum nýjan samstarfssamning.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Þjóðarleikvangar

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, skorar á borgaryfirvöld að setja það sem skilyrði fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja sem nýst geta til landsliðsæfinga og keppni að þau geti líka þjónað íþróttafélögum í borginni. Einnig er nauðsynlegt að samið verði við ríkið um greiðslur vegna æfinga og keppni landsliða í íþróttamannvirkjum borgarinnar.

Greinargerð:

Íþróttahreyfingin í Reykjavík getur ekki sætt sig við að íþróttamannvirki sem sérstaklega eru hönnuð til að uppfylla alþjóðlegar kröfur fyrir landslið þjóðarinnar séu byggð eða rekin á kostnað Reykjavíkurborgar. Eingöngu er hægt að fallast á

hlutdeild borgarinnar í slíkum verkefnum ef það liggur fyrir að þau þjóni reykvískum félögum líka

Guðmunda Ólafsdóttir: Sæl, ég heiti Guðmunda Ólafsdóttir og sit þetta þing fyrir KR þó að rætur mínar séu ekki alveg röndóttar. Við í allsherjarnefnd tókum til umfjöllunar þingskjöl nr. 6-10. Við gerðum breytingar á tveimur eða leggjum til breytingar á tveim þingskjölum sem ég vil taka hér fyrir. Það var mjög góð mæting hjá okkur, að mati okkar í nefndinni og okkar starfsmanni, henni Jónu sem ég vil þakka sérstaklega fyrir samstarfið og öllum þeim sem mættu í gær, og öllum þeim sem voru með mér í nefndinni. Ef við byrjum á þingskjali númer 6, þar gerðum við breytingar, þetta er mjög langt þingskjál að okkar mati og ég ætla ekki að lesa það allt upp heldur eingöngu þær málsgreinar sem urðu breytingar á. Við gerum breytingar á 4. málsgrein og tillagan eins og hún var sett fram í gær, og við tókum fyrir var: „Mannvirkjanefnd á vegum stjórnar ÍBR hefur verið að störfum síðan 2014. Verkefni hennar var að skoða þörf fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni. Nefndin hefur gert kannanir meðal aðildarfélaga, haldið vinnufundi og gert samanburð við önnur sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að nefndin skili á árinu 2019 af sér skýrslu sem nýst getur við vinnu við stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til 2030.“ Breytingin sem við leggjum til er, að setja fyrir aftan þessa málsgrein: „Gert er ráð fyrir að nefndin skili á árinu 2019 af sér skýrslu sem verður send til aðildarfélaga ÍBR til umsagnar. Skýrslan nýtist í vinnu við stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til 2030.“ Þetta er semsagt okkar breytingartillaga á þessari málsgrein, 4. mgr., og leiðrétting á innsláttarvillum sem eru líka þarna. Í 7. mgr. þessa þingskjals gerum við eftirtalda breytingu, við bætum hér inn í „sjálfbóðaliðar“. „Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa semsagt starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra, sjálfbóðaliða og fleira.“ Ástæðan fyrir því og umræðan sem skapaðist í kringum þessa breytingu er m.a. að sjálfbóðaliðar eru ekki alltaf stjórnarmenn eða foreldrar, og þeir eru alveg gríðarlega mikilvægir í öllu starfi. Þetta væri svona liður í því að gera þetta sýnilegra og á sama tíma að reyna að styrkja þetta starf enn frekar, sem er gríðarleg þörf á. Svo leggjum við til breytingu á 9. mgr. þar sem er sett inn í setninguna „og kynningu“ málsgreinin hljóðar þá svo: „Einnig verður horft til þess að auka enn frekar framboð og kynningu á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglina.“

Gert örstutt hlé því það voru ekki allir fulltrúar með rétt blað fyrir framan sig

Þetta eru allar þær breytingar sem við leggjum til fyrir þingskjál númer 6. Við tókum líka fyrir smá breytingar í þingskjál númer 7 og því langar mig að fara yfir það því öll önnur þingskjöl, númer 8, 9 og 10 fóru óbreytt í gegnum nefndina. Í þingskjali númer 7 eru lagðar til 2 breytingar. Einungis eitt orð er sett inn og annað er tekið út. Orðið „allt“ er sett inn í fyrstu setningu og orðið „borgarbúar“ tekið út úr þriðju setningu. Af því að þetta frekar lítið skjal þá ætla ég að fá að lesa þetta upp eins og við leggjum þetta til: „49. þing ÍBR, haldið 20. og 21. mars 2019 staðfestir að allt ofbeldi, þar með talið kynferðislegt ofbeldi, verði ekki liðið í íþróttastarfi í Reykjavík. Íþróttahreyfingin vill nú sem fyrr gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja öryggi iðkenda og annarra sem að starfinu koma. Íþróttastarf byggir að mestu á sjálfbóðaliðastarfi og þingið hvetur því borgaryfirvöld til að auka enn frekar samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík varðandi jafnréttis- og siðamál. Þeir verkferlar og sú sérfræðiaðstoð og fræðsla sem til er staðar er hjá borginni, standi íþróttafélögum til boða og tryggt verði gott samstarf milli aðila, borgarbúum til heilla. Þá er og mikilvægt að tryggt verði

fjármunir til að standa aukinni vinnu við þessi mál. Þetta er semsagt tillagan eins og við leggjum hana fyrir og önnur þingskjöl voru afgreidd óbreytt eins og ég sagði áðan og vil ég þakka kærlega fyrir mig, og fyrir samstarfið í nefndinni.

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta. Þá hefur formaður allsherjarnefndar lokið við að kynna niðurstöður allsherjarnefndar. Ég ætla að hafa sama háttinn á og áðan við að bera upp þingskjölin. Það er fyrst þingskjal nr. 6, þ.e. stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2019-2020. Ég vona að það hafi flestir fengið þessar breytingartillögur sem eru undirstrikaðar á öðru blaðinu á fremstu síðunni. Orðið er laust um stefnu- og starfsáætlun ÍBR. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum lokið og ég ber stefnu- og starfsáætlun stjórnar ÍBR undir atkvæði og þeir sem samþykkja þingskjal 6 eins og það liggur fyrir vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Þetta er samþykkt samhljóða. Er einhver á móti? Þá er það þingskjal nr. 7 um samstarf við Reykjavíkurborg um jafnréttis – og siðamál, þar var smávægileg breyting. Orðið er laust um þetta þingskjal. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs og umræðum er lokið. Þeir sem samþykkja þingskjalið eins og það liggur fyrir gefa merki með græna spjaldinu. Það er samþykkt samhljóða. Þá er það þingskjal númer 8, það er umsókn um inngöngu í UMFÍ. Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum lokið og þeir sem samþykkja þingskjal 8 vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Þá er það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema tveir eru á móti og ég óska eftir að það sé fært til bókar. Ég taldi ekki grænu atkvæðin sem voru í miklum meirihluta en það voru 2 á móti. Þá er það þingskjal nr. 9 um innanhús aðstöðu fyrir tennis þar sem þingið felur framkvæmdastjórn ÍBR að skipa vinnuhóp til að kanna möguleika á að byggt verði tennishús með a.m.k. 4 völlum í Laugardal. Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum lokið og þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir vinsamlega gefið merki með græna spjaldinu. Er einhver á móti? Svo er ekki og tillagan er samþykkt samhljóða. Síðan er það þingskjal 10. Það er síðasta skjalið frá allsherjarnefnd og það er um siðanefnd. Orðið er laust um þessa tillögu. Ef enginn kveður sér hljóðs þá er umræðum lokið. Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefi merki með því að lyfta upp græna spjaldinu. Tillagan er samþykkt einróma. Þá höfum við lokið við að afgreiða tillögur sem liggja fyrir þinginu. Þá erum við komin að þeim lið í dagskánni sem eru kosningar. Ég ætla að biðja formann kjörnefndar að koma hér upp og gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Eins og þið vitið þá höfum við í hafið kosningar en það er í raun og veru byggt á því að við vorum að kjósa semsagt 3 fulltrúa úr núverandi stjórn til áframhaldandi stjórnarsetu en þau gögn lágu öll fyrir. Snorri gjörðu svo vel, ég ætla að gefa þér orðið.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2019 og 2020.

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2019 og 2020:

Unnið verður að gerð nýs samstarfssamnings við Reykjavíkurborg sem rennur út í árslok 2019. Samhliða því verður unnið að stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til

ársins 2030 í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í þessari vinnu verður hugað að ýmsum verkefnum svo sem gerð afreksstefnu fyrir Reykjavík, rekstur afreksliða, skoðun á kostnaði félaganna við þjálfun barna og unglinga, rýnt í launakostnað vegna mannvirkja, viku- og æfingafjöldi í mannvirkjum skoðaður, þörf á viðhaldsverkefnum hjá félögunum yfirfarin o.fl.

Stjórn ÍBR mun áfram vinna að könnun á möguleikum á að byggt verði fjölnota íþróttahús í Laugardal í samræmi við samþykkt þings 2017.

Stjórn ÍBR hefur þrýst á borgaryfirvöld að hefja vinnu við heildarskipulag Laugardals enda svæðið afar mikilvægt fyrir íþróttastarf. Því skiptir miklu máli að íþróttamannvirki og samgöngumannvirki í dalnum fái það rými sem þarf til að hægt sé að halda fjölsóttu viðburði og að aðgengi til og frá sem og á milli mannvirkja sé skipulagt eins og best verður við komið.

Mannvirkjanefnd á vegum stjórnar ÍBR hefur verið að störfum síðan 2014. Verkefni hennar var að skða þörf fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni. Nefndin hefur gert kannanir meðal aðildarfélaganna, haldið vinnufundi og gert samanburð við önnur sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að nefndin skili á árinu 2019 af sér skýrslu sem verður send til aðildarfélaga ÍBR til umsagnar. Skýrslan nýtist í vinnu við stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til 2030.

Það er ljóst að það liggja fyrir óskir og hugmyndir um gríðarlega uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni sem ekki verða allar uppfylltar á stuttum tíma. Þess vegna er mikilvægt að íþróttahreyfingin í Reykjavík nýti samtakamátt sinn til að koma mikilvægustu verkefnum í forgang. Einnig þarf að hafa í huga að nýta sem best takmarkaða fjármuni og horfa til skynsamlegra lausna.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður áfram unnið að því að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi aðstöðu til íþróttastarfs. ÍBR beiti sér fyrir því að íþróttavísar verði skilgreindir og birtir. Tilgangur íþróttavísa verði að veita yfirsýn yfir stöðu íþróttastarfs s.s. þátttöku, þjónustu, fjárframlög og mannvirki.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra, sjálfboðaliða o.fl.

Unnið verður að gerð jafnréttisáætlunar og siðareglna fyrir stjórn og starfsfólk ÍBR sem og að aðstoða félögin að koma á slíku á sínum vettvangi. Einnig verður unnið að því að gera ÍBR að fyrirmyndarhéraði.

Einnig verði horft til þess að auka enn frekar framboð og kynningu á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku og hafa ekki hug á að verða afrefsfólk í íþróttum en vilja iðka sína íþrótt í sínu félagi. Með eflingu Verkefnasjóðs ÍBR opnast möguleikar á stuðningi við verkefni sem stuðla að þessu. Íþróttafélög gegna mikilvægu hlutverki í mannlífi borgarinnar, sérstaklega í nærsamfélaginu og er mikill og vaxandi áhugi hjá almenningi um þátttöku í hinum ýmsu íþróttum. Íþróttafélögin hafa vilja og áhuga á því að svara kallinu og bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttanna í og við sín mannvirki og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. Í þessu sambandi er mikilvægt að tryggja eðlilega þróun aðstöðu (mannvirkja og búnaðar). ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði

á þessu sviði í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg og getur Verkefnasjóður ÍBR nýst í því tilliti. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum. Þá verður unnið að heilsueflingu eldri borgara í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg.

ÍBR mun áfram sjá um framkvæmd ýmissa viðburða sem eftir geta íþróttalíf í Reykjavík og færð geta tekjur til íþróttastarfs í Reykjavík.

Leitast verður við að aðstoða eftir megni ungt og efnilegt íþróttafólk sem og íþróttafólk í fremstu röð til þátttöku í mótum eða annarra verkefna sem ýtt geta undir enn frekari árangur þeirra m.a. í gegnum Afrekssjóð ÍBR.

Starfsemi sérráðanna verður eflað enn frekar með aukinni aðstoð frá skrifstofu ÍBR og skipulag þeirra tekið til endurskoðunar.

Áfram verður unnið að inngöngu í UMFÍ í samræmi við fyrri samþykktir þinga ÍBR.

Áfram verður unnið að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Samstarf við Reykjavíkurborg um jafnréttis- og siðamál

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019 staðfestir að allt ofbeldi, þar með talið kynferðislegt ofbeldi, verður ekki liðið í íþróttastarfi í Reykjavík. Íþróttahreyfingin vill nú sem fyrr gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja öryggi iðkenda og annarra sem að starfinu koma. Íþróttastarf byggir að mestu á sjálfbærliðastarfi borgarbúa og þingið hvetur því borgaryfirvöld til að auka enn frekar samstarf við íþróttahreyfinguna í Reykjavík varðandi jafnréttis- og siðamál. Þeir verkferlar og sú sérfræðiaðstoð og fræðsla sem til staðar er hjá borginni standi íþróttafélagunum til boða og tryggt verði gott samstarf milli aðila borgarbúum til heilla. Þá er og mikilvægt að tryggðir verði fjármunir til standa undir aukinni vinnu við þessi mál.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Umsókn um inngöngu í UMFÍ

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, áréttar vilja sinn um inngöngu í UMFÍ en samþykkir jafnframt að verði innganga ekki samþykkt á árinu 2019 þá hafi ÍBR frumkvæði að því að stofna samband íþróttabandalaga.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Innanhúsaðstaða fyrir tennis

49. þing ÍBR, haldið 20.- 21. mars 2019, felur framkvæmdastjórn ÍBR að skipa vinnuhóp til að kanna möguleika á að byggt verði tennishús með a.m.k. 4 völlum í Laugardal. Laugardalurinn hefur verið nefndur sem fýsilegur kostur vegna staðsetningar sem myndi tryggja tennisiðkendum heilsárs tennisaðstöðu í Reykjavík.

Greinargerð:

Undanfarin 25 ár hafa tennisiðkendur reykvískra tennisdeilda í Fjölni, Hafna- og Mjúkboltafélaginu, Víkingi og Þrótti þurft að sækja vetraræfingar til Kópavogs eða æfa í smærri íþróttahúsum borgarinnar sem henta einungis ungum börnum. Framfarir og framtíðar möguleikar fyrir reykvísku iðkendum gætu orðið talsvert meiri ef það væru innanhúss tennisvöllir í borginni og samtímis koma til móts við fleiri áhugasama tennishópa. Möguleikarnir innan Tennissambandsins aukast árlega hjá þeim sem vilja æfa og keppa fyrir hönd Íslands og líka hjá þeim sem vilja starfa sem tennisþjálfarar eða dómara. Það var góð aukning í tennismenningu hér í Reykjavík síðasta sumar með endurgerð úti tennisvalla Víkings, fleiri krakkar að spila og keppa í tennis í Reykjavík en nokkurn tíma áður og núna í maí mun reykvísku tennisdeildirnar halda fyrsta Reykjavíkurmeistaramótið í bæði liða- og einstaklings keppni. Tennisíþróttin er ein af fimm vinsælustu íþróttagreinum í heimi og hafa höfuðborgir hinna norðurlandanna komið til móts við þörf tennisiðkenda þeirra með innanhúss tennisvöllum (Helsinki 65, Kaupmannahöfn 26, Osló 44 og Stokkhólmur 196). Við viljum rækta og efla tennisstarfsemina í Reykjavík.

Samþykkt þings ÍBR 2019

Siðanefnd

49. þing ÍBR, haldið 20.-21.mars 2019, skorar á Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) að endurskoða siðareglur sínar þannig að í

Þeim komi fram ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd þeirra. Í því sambandi verði sett á laggirnar siðanefnd ÍSÍ. Hlutverk hennar verði að úrskurða um hvort siðareglur ÍSÍ hafi verið brotnar.

Greinagerð:

Á undanförunum árum hefur íþróttahreyfingin gert ýmislegt til að efla starfsemi sína með tilliti til siðamála, meðal annars:

- endurskoðað siðareglur og hegðunarviðmið (2018 - 2019).
- gefið út aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun (ÍSÍ, bæklingur).
- gefið út bækling um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi (ÍSÍ).
- bætt inn í lög ÍSÍ ákvæði um að einstaklingur sem hefur hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga má ekki starfa sem sjálfbóðaliði eða launþegi innan íþróttahreyfingarinnar (þing ÍSÍ 2013).
- gefið út aðgerðaráætlun með jafnréttisstefnu (ÍBR 2018).

Einnig hefur verið gefin út viðbragðsáætlun (ÍSÍ) ef upp koma áföll og óvæntir atburðir. Í áætluninni kemur m.a. fram að æskilegt sé að íþróttafélög setji fram sína eigin viðbragðsáætlun og komi á fót viðbragðsteymi. Hlutverk viðbragðsteymis íþróttafélaga er m.a. að aðlaga viðbragðsáætlunina að allri starfsemi félagsins, veita stuðning, huga að eftirfylgd og meta þörf á utanaðkomandi aðstoð.

Reynslan hefur sýnt að mál vegna m.a. kynferðislegs ofbeldis og eineltis eru oft erfið úrlausnar og ekki alltaf á færi leikmanna að leysa úr, eðlilega treysta margir sér heldur ekki til þess. Því er lagt til að mynduð verði siðanefnd sem tekur við skriflegum athugasemdum og kvörtunum um meint brot á siðareglum ÍSÍ frá nafngreindum aðilum innan eða utan aðildarfélaga ÍSÍ. Siðanefnd hefur það hlutverk að starfa eftir starfreglum sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur og staðfestir. Reglurnar lýsa meðferð mála fyrir nefndinni, meðal annars varðandi það hvernig nefndin aflar gagna og athugasemdir málsaðila og hvernig hún upplýsir mál og birtir niðurstöður sínar. Tekið er mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.

Má benda á starfsfyrirkomulag fagráðs Æskulýðsvettvangsins, sem hefur það hlutverk að taka til umfjöllunar kynferðisbrotamál og eineltismál sem koma upp innan þeirra félagasamtaka sem mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélaga þeirra.

Snorri Þorvaldsson: Þingforsetar, góðu fulltrúar. Við komum saman eins og við gerum á tveggja ára fresti, kjörnefndin og förum yfir þau framboð sem liggja fyrir. Það er rétt að segja frá því að við sem vorum í nefndinni Snorri Þorvaldsson, Elínborg Guðnadóttir, Þórir Ingvarsson. Þið áttið okkur á því að það kom ekkert framboð til formanns, nema 1 að sjálfsgöðu, það kom semsagt ekkert mótframboð átti þetta að vera fyrirgefðu. Ingvar er því sjálfkjörinn og ég held að við eigum nú að klappa fyrir því. Síðan eru það kosningar núna þar sem verður kosið um þrjá. Svo er aftur kosið og svo aftur. Þannig að þetta er nóg í bili. Takk.

Sigríður Jónsdóttir: Ágætu þingfulltrúar. Formaður kjörnefndar hefur gert grein fyrir störfum nefndarinnar og við göngum til kosninga skv. lögum ÍBR. Hér er eitt framboð til formanns ÍBR þ.e. Ingvar Sverrisson og ekkert mótframboð svo Ingvar Sverrisson er réttkjörinn formaður ÍBR til næstu 2ja ára. Ingvar til hamingju. Þá verður kosning til stjórnar ÍBR, kosning um þrjá einstaklinga sem voru kosnir til áframhaldandi setu af þessum 6 eru: Lilja Sigurðardóttir, Gígja

Gunnarsdóttir og Viggó H. Viggósson. Eru þau réttkjörin til stjórnarsetu næstu 2 starfsár. Þá göngum við til kosninga og framboð hafa verið kynnt, þið þekkið þá einstaklinga úr stjórninni sem eru í kjöri. Það er Björn M. Björgvinsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Örn Andrésson. En auk þess hefur Margrét Valdimarsdóttir gefið kost á sér til stjórnarsetu, Margrét er hérna og ég ætla að bjóða þér að koma hingað upp og kynna þig Margrét, gjörðu svo vel.

Margrét Valdimarsdóttir: Þingforseti, ágætu þingfulltrúar. Ég heiti Margrét Valdimarsdóttir og ég er 23 ára ÍR-ingur. Ég ætla í vor að útskrifast með BS í hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Ég er mikil íþróttamanneskja og hef verið að æfa handbolta frá því að ég var 10 ára og þar á undan var ég búin að vera í fótbolta og sundi og dansi og alls konar svoleiðis, en ekki eins lengi og ég hef verið í handboltanum. Auk þess að spila með meistaraflokki ÍR þá hef ég verið að þjálfra og er núna að þjálfra 5. flokk kvenna hjá ÍR, og hef verið að þjálfra yngri flokkana síðastliðin ár. ÍR, íþróttir og handbolti eru stór hluti af mínu lífi og ég hef mikinn metnað og áhuga fyrir því að leggja mitt af mörkum til íþróttahreyfingarinnar. Ég er forfallin íþróttáhugamanneskja og hef ótrúlega gaman að því að fylgjast með alls konar íþróttum. Ég hef líka unnið á skrifstofu ÍBR þannig að ég þekki ágætlega viðburðina og innviðin og verkefnin sem fara þar fram. Ég tel að sem ung kona í íþróttum og þjálfun, geti ég komið með nýjan vinkil inn í umræðuna og verið fulltrúi stelpna, kvenna og íþróttafólks í stjórn ÍBR. Ég býð mig fram til stjórnar ÍBR og vonast eftir ykkar atkvæði. Takk fyrir.

Sigríður Jónsdóttir: Takk fyrir þetta Margtét. Þá hefur sömuleiðis gefið kost á sér til stjórnarsetu í ÍBR Gústaf Adolf Hjartarson en Gústaf Adolf er erlendis vegna vinnu og ég ætla stuttlega að segja punkta um hans feril. Hann var formaður sundfélagsins Ægis, sat um tíma í framkvæmdastjórn ÍSÍ og er í varastjórn ÍBR og hefur verið í varastjórninni frá 2013. Frá upphafi hefur hann verið formaður framkvæmdaráðs Reykjavíkurleikana RIG. Þið þekkið hann nú sennilega flest en þið sjáið mynd af honum í skýrslu stjórnarinnar. Hann gefur sömuleiðis kost á sér til stjórnarsetu. Ég held að það sé verið að útbúa kjörseðla, nú veit ég ekki hvort að þeir eru komnir í hús en þangað til gerum við stutt þinghlé þangað til kjörseðlar koma í hús. Ég kalla þá á ykkur með hraði inn í salinn aftur svo að við getum gengið til kosninga.

Sigríður Jónsdóttir: Ég ætla að setja þetta yfir til annars þingforseta, hans Steins, hann er svo miklu betri í þessu en ég, að lesa upp nöfn félaganna og telja til atkvæðaseðlana en Örn hefur beðið um að fá að taka til máls.

Örn Andrésson: Þingforseti, ágætu félagar. Ég hef ákveðið að draga framboð mitt til baka og kalla þetta gott. Ég ætlaði að hætta núna en formaðurinn lagði hart að mér að það væri eitt tímabil í viðbót eins og hefur nú eiginlega verið í hvert skipti síðan hann byrjaði en þetta eru orðin rúmlega 30 ár síðan ég byrjaði en ég óska hinum frambjóðendum og ykkur öllum velfarnaðar og þakka fyrir mig.

Steinn Halldórsson: Les upp félögin, fjölda fulltrúa og atkvæða.

Aikikai	1 fulltrúi	2 atkvæði
Dansfélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Frisbíggolfélag Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði
Glímfélagið Ármann	4 fulltrúar	8 atkvæði
Golfklúbbur Brautarholts	Enginn mættur	
Golfklúbbur Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Hafna og mjúkboltafélagið	Enginn mættur	
Hestamannafélagið Fákur	4 fulltrúar	8 atkvæði
Hjólskautafélagið	1 fulltrúi	1 atkvæði
Íþróttafélag Breiðholts	1 fulltrúi	1 atkvæði
Íþróttafélag fatlaðra	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélag fatlaðra	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélag Reykjavíkur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Íþróttafélagið Fylkir	5 fulltrúar	9 atkvæði
Íþróttafélagið Leiknir	2 fulltrúar	4 atkvæði
Íþróttafélagið Ösp	1 fulltrúi	2 atkvæði
Keilufélag Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði
Klifurfélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Knattspyrnufélagið Fram	2 fulltrúar	4 atkvæði
Knattspyrnufélagið Valur	1 fulltrúi	2 atkvæði
Knattspyrnufélagið Víkingur	5 fulltrúar	9 atkvæði
Knattspyrnufélagið Þróttur	4 fulltrúar	8 atkvæði
Siglingafélag Rvk. Brokey	1 fulltrúi	1 atkvæði
Skotfélag Reykjavíkur	3 fulltrúar	6 atkvæði
Skylmingafélag Reykjavíkur	2 fulltrúar	4 atkvæði
Sundfélagið Ægir	Enginn mættur	
TBR	5 fulltrúar	9 atkvæði
Ungmennafélagið Fjölnir	4 fulltrúar	8 atkvæði
Vélahjólaklúbburinn	1 fulltrúi	2 atkvæði
Knattspyrnuráð Reykjavíkur	1 fulltrúi	1 atkvæði

Snorri Þorvaldsson: Eftirfarandi framboð hafa borist til formanns, framkvæmdastjórnar og varastjórnar ÍBR:

Formaður ÍBR

Sjálfkjörinn: Ingvar Sverrisson.

Framkvæmdastjórn ÍBR – Kosnir 3 úr fráfarandi stjórn

Eftirtaldir eru kjörgengnir, 6 aðilar um 3 sæti; Björn Magnús Björgvinsson, Gígja Gunnarsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Viggó H. Viggósson, Lilja Sigurðardóttir og Örn Andrésson.

Þau sem hlutu kosningu voru Gígja Gunnarsdóttir, Viggó H. Haraldsson og Lilja Sigurðardóttir.

Framkvæmdastjórn – Kosnir 3 stjórnarmenn

Þar sem Örn hefur tekið framboð sitt til baka eru 4 aðilar sem bjóða sig fram, 2 úr kosningu á undan og 2 til viðbótar en það eru Gústaf Adolf Hjaltason og Margrét Valdimarsdóttir.

Þau sem hlutu kosningu voru Björn Magnús Björgvinsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir.

Varamenn stjórnar – Kosnir 2 varamenn

Sá sem ekki hlaut kosningu í aðalstjórn býður sig fram auk þess að einn aðili bauð sig aðeins fram í varastjórn, því hljóta þeir báðir kosningu sjálfkrafa. Það eru Gústaf Adolf Hjaltason og Haukur Þór Haraldsson.

Sigríður þakkaði þingheimi og starfsmönnum þingsins fyrir góð þingstörf og Ingvar Sverrisson sleit formlega þingi með stuttri ræðu.

Þingslit

Íþróttabandalag Reykjavíkur
Engjavegur 6
104 Reykjavík
ibr.is

Ábyrgðarmaður: Frímann Ari Ferdinandsson
Umbrot: Áslaug Sigurðardóttir
Prentun: Litróf ehf